

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Herþjónustu líkast

*Endurminningar eiginkvenna íslenskra varðskipsmanna í
þorskastríðunum, 1958-1976*

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Saga Ólafsdóttir

Kt.: 100688-2049

Leiðbeinandi: Guðni Th. Jóhannesson

September 2015

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um konur sem voru giftar eða tengdar íslenskum varðskipsmönnum fjölskylduböndum á meðan þorskastríðin þrjú stóðu yfir á tuttugustu öldinni. Lítið hefur verið skrifað um sögu þessara kvenna og eiga frásagnir þeirra á hættu að glatast. Aðallega var notast við viðtöl til að nálgast minningar kvennanna, þar sem aðrar heimildir voru af skornum skammti. Tekin voru viðtöl við átta konur, af þeim voru sjö giftar varðskipsmönnum og ein var móðir varðskipsmanns. Í upphafi ritgerðarinnar er fjallað um helstu kosti og galla munnlegrar sögu, hvað fræðimönnum ber að hafa í huga þegar notast er við munnlegar heimildir og farið verður yfir sögu þorskastríðanna í stuttu máli. Næstu kaflar fjalla alfarið um konur tengdar varðskipsmönnum. Áhrif deilna um fiskveiðilögsögu á heimilis- og tilfinningarlíf þessara kvenna verða skoðuð. Fjallað verður um hverjar þeirra helstu áhyggjur voru og hvaða minningar eru eftirminnilegastar. Áhrif þorskastríðanna á maka eða syni kvennanna verða rædd og hvort að konurnar telji að þær eða fjölskyldur þeirra hafi hlotið einhvern skaða af deilunum. Skoðað var hvort munur var á upplifun kvennanna eftir því í hvaða þorskastríði menn þeirra störfuðu. Viðfangsefnið í síðasta kafla ritgerðarinnar er ákveðinn hópur kvenna sem barðist fyrir bættum kjörum og öryggi varðskipsmanna. Sagt verður frá þeim atburði þegar stór hópur kvenna fór á fund við Ólaf Jóhannesson, fyrrum dómsmálaráðherra, til að fara fram á bætt kjör og aðbúnað fyrir menn sína. Fjallað verður um aðstandendafélagið Ýr og styrktarsjóðinn Hliðskjálfr sem stofnaður var í lok síðasta þorskastríðsins, að mestu af eiginkonum varðskipsmanna.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Ágrip | 2 |
| Inngangur | 4 |
| Munnleg saga | 6 |
| Sögulegt yfirlit | 9 |
| Þorskastríðin þrjú | 9 |
| Hagsmunir Davíðs og Golíats | 11 |
| Viðtöl við eiginkonur varðskipsmannanna | 13 |
| Áhrif á heimilislíf, áhyggjur og tilfinningar | 13 |
| Þegar húsbóndinn var heima | 17 |
| Stuðningur og fjölmiðlar | 20 |
| Eftirminnilegir atburðir, breytingar og skaði | 23 |
| Baráttan fyrir hönd varðskipsmannanna | 28 |
| Heimsókn á Alþingi | 28 |
| Minningin um alþingisferðina | 30 |
| Aðstandendafélagið Ýr | 32 |
| Minning um aðstandendafélagið Ýr | 33 |
| Selma Júlíusdóttir | 35 |
| Sjóðurinn Hliðskjálfr | 37 |
| Niðurstöður | 40 |
| Heimildaskrá | 44 |
| Munnlegar heimildir | 44 |
| Prentaðar heimildir | 44 |
| Vefheimildir | 47 |
| Viðauki | 48 |
| Viðauki nr. 1 - Spurningalisti | 48 |
| Viðauki nr. 2 - Upplýsingar um viðmælendur | 49 |

Inngangur

Nærri fjórtíu ár eru síðan síðasta þorskastríðinu lauk, en síðasta barátta íslenskra varðskipsmanna við skip breska flotans á Íslandsmiðum var háð þegar landhelgin var færð út í tvö hundruð sjómílar árið 1975 og lauk þeirri baráttu sumarið 1976. Mikið hefur verið skrifað um þorskastríðin þrjú í gegnum tíðina en umfjöllunin hefur að mestu leyti snúið að pólitískum aðstæðum, almennri þróun landhelginnar eða almennum frásögnum af atburðarásinni. Eðli málsins samkvæmt hefur umfjöllunin að mestu verið karllæg og saga kvenna í þorskastríðunum hefur ekki farið hátt. Saga kvennanna sem stóðu á bak við varðskipsmennina hefur því fallið að mestu í skuggann og ef til vill ekki þótt merkileg saga á þeim tíma enda tóku þær ekki beinan þátt í baráttunni sjálfri. Hvort að það er þess vegna sem frásagnir þeirra hafa ekki verið skráðsettar eða að aðrir þættir útskýri þennan litla áhuga á þessum heimildum er erfitt að segja en núna eiga þessar minningar á hættu að falla í gleymsku vegna þess tíma sem liðinn er frá atburðunum. Eitt af markmiðum ritgerðarinnar er að skrásetja frásagnir kvennanna en mikilvægt að ná þessum frásögnum áður en þær glatast, enda órjúfanlegur hluti af sögu íslenskra kvenna á tuttugustu öld.

Aðalviðfangsefni ritgerðarinnar er að komast að því hvaða áhrif þorskastríðin höfðu á líf kvenna sem voru tengdar varðskipsmönnum fjölskylduböndum meðan á þorskastríðunum stóð. Það var gert með því að notast við munnlega sögu og fær sú sagnfræðilega aðferð ágætis umfjöllun í upphafi verksins. Tekin voru viðtöl við átta konur og þannig var munnlegum heimildum um upplifun þeirra af stríðunum safnað. Notast var við spurningalista til viðmiðunar til að stýra samtölunum. Talað var við sjö konur sem áttu maka sem unnu hjá Landhelgisgæslunni í stríðunum og einnig var rætt við eina móður sem fylgdist með störfum ungs sonar síns hjá Landhelgisgæslunni í síðasta þorskastríðinu. Út frá frásögnum kvennanna verður skoðað hvaða áhrif þorskastríðin höfðu á daglegt líf kvennanna og hvaða tilfinningar þær upplifðu. Óttuðust þær um líf eiginmanna sinna? Fengu þær nægar upplýsingar um störf og hagi maka sinna á meðan þeir voru við störf? Fundu þær fyrir breytingum á mökum sínum þegar þeir voru í landi og urðu breytingar á heimilislífi þeirra þegar makinn var í landi? Höfðu þær áhyggjur af kjörum maka sinna og aðbúnaði? Gerðu þær eitthvað til að bæta kjör og öryggi eiginmanna sinna? Einnig verður reynt að sjá hvort upplifun kvennanna er á einhvern hátt ólík eftir því í hvaða stríði aðstandendur þeirra tóku þátt í. Hvaða atburðir þóttu þeim erfiðastir og minnisstæðastir?

Fjallað verður um ferð sem aðstandendur varðskipsmanna fóru á Alþingi Íslands árið 1976, til að koma ákveðnum skilaboðum til stjórnvalda. Fjallað verður um aðstandendafélagið Ýr, sem var stofnað af eiginkonum og aðstandendum varðskipsmanna árið 1976. Skoðað verður hverjir stóðu á bak við félagið, hvenær það var stofnað og farið verður yfir helstu störf og baráttu þess. Sama ár var stofnaður sjóður, af aðstandendum varðskipsmanna, sem fékk nafnið Hliðskjálfr en hann var starfræktur sem styrktarsjóður fyrir Landhelgisgæsluna og var stofnaður af aðstandendum varðskipsmanna. Hlutverk hans verður skoðað sem og hverjir stóðu að stofnun sjóðsins.

Munnleg saga

Í heimildaöflun fyrir verkefnið kom fljótt í ljós að lítið var um heimildir um konur varðskipsmanna í þorskastríðunum, hvort sem lítið var á skriflegar heimildir eða aðrar heimildir. Skortur á umfjöllun um þessar konur endurspeglar ef til vill að þessar konur hafi á margan hátt talist til jaðarhóps innan sögu þorskastríðanna. Munnleg saga er því sú sagnfræðilega aðferð sem var talin vænlegasti kosturinn við öflun heimilda fyrir verkið. Einn af helstu kostum aðferðarinnar er að hún nýtist vel við rannsóknir á jaðarhópum og sögu þeirra sem hefur ekki verið skráð sem tengir aðferðina við þetta verkefni. Í raun hefði ritgerðin verið allt að því ógerleg ef ekki væri fyrir munnlegar heimildir.

Samkvæmt heimasíðu *Miðstöðvar munnlegrar sögu* er munnleg saga aðferð innan sagnfræðarinnar þar sem upplýsingum og þekkingu er aflað með því að taka viðtöl við einstaklinga. Þessi aðferð gerir sagnfræðingum, sem og öðrum fræðimönnum, kleift að nálgast persónuleg gögn (t.d. endurminningar og lífsreynslu) sem og önnur gögn (t.d. upptökur frá fundum og öðrum viðbrögðum, jafnvel umhverfishljóð). Munnlegar heimildir hafa margt fram yfir aðrar heimildir og er einn helsti kostur þeirra að þær gefa „sögunni líf og lit“ og nýtast sérstaklega við að ná fram sögu jaðarhópa.¹

Það þarf kannski að koma því á framfæri að munnleg saga er ekki nýtt fyrirbæri. Hún hefur fylgt mannkyninu í mörg þúsund ár, síðan fyrir tíma ritaðra heimilda. Fyrstu heimildirnar um notkun munnlegrar sögu í sagnfræðilegum tilgangi eru frá fimmtu öld fyrir Krist, þegar forngríski sagnfræðingurinn Þúkýdídes safnaði saman munnlegum heimildum í þeim tilgangi að nýta í verk sitt um Pelópsskagastríðið. Mikil breyting hefur orðið á notkun munnlegrar sögu með tilkomu nútíma tækni, en segja má að sú notkun á munnlegri sögu eins og við þekkjum í dag eigi rætur að rekja til ársins 1948, þegar bandarískir sagnfræðingar í Colombíuháskóla hljóðrituðu viðtöl við fólk, í þeim tilgangi að nýta þær sem heimildir í verkefni.² Með tilkomu þessarar nýju tækni á síðustu öld, var hægt að varðveita munnlega sögu með öðrum hætti en sem ritaða heimild og í kjölfarið jókst gildi

¹ Hvað er munnleg saga?, Miðstöð munnlegrar sögu, <http://munnlegsaga.is/index.php?page=hvad-er-munnleg-saga>, (Sótt 13.04.2015).

² Valerie Raleigh Yow, *Recording Oral History*, bls. 2-3.

þessara heimilda.³

Ekki líta allir sagnfræðingar svo á að munnlegar heimildir séu áreiðanlegar, vegna þess að þær eru byggðar á minni fólks.⁴ Sumir sagnfræðingar eru meira að segja þeirrar skoðunar að munnlegar heimildir séu ekki frumheimildir vegna þess að þær séu alltaf háðar því að vera teknar upp eða skráðar. Sagnfræðingurinn Pierre Nora kallar munnlegar heimildir „gervilims-minningu“ (e. *prosthesis-memory*) í þessu samhengi, en að hans mati er frumheimildin í raun glötuð og óafturkræf. Upptakan eða það sem er skráð er eftirheimild af frumheimildinni sjálfri.⁵

Það virðist vera manningum eðlislægt að honum finnist hann vera tilneyddur til að halda utan um þær minningar sem eru ennþá til staðar og reyna að safna þeim saman en það er okkur ómögulegt að muna eftir öllu sem við verðum vitni að.⁶ Staðreyndin er sú að það munu alltaf einhverjar minningar tapast og það að munnleg saga byggji á minni fólks hefur því sína ókosti. Minnið getur t.d. verið stopult, minningar breytast, renna saman með tímanum og fólk getur líka átt falskar minningar. Ýmsir sálrænir og félagslegir þættir geta einnig haft áhrif á það hvaða einstaklingurinn man, sem er ef til vill gott að hafa í huga í þessu verkefni.⁷ Minni einstaklinga er því afar ólíkt og þrátt fyrir að fólk verði vitni að sama atburði, verða minningar þeirra af viðkomandi atburði ekki endilega þær sömu og andleg líðan þess dags sem minningin er kölluð fram getur haft áhrif. Minni fólks er líka að hluta til byggt á persónuleika þess, minningar eru því í eðli sínu ólíkar milli manna og minning getur eins verið á skjön við minningu annars. Annar galli munnlegra heimilda sem snýr einnig að mannlega þættinum er sá að heimildirnar eru háðar því að fólk sé heiðarlegt og ýki ekki eða breyti frásögn sinni. Erfitt er að vefengja frásagnir fólks, en eins og áströlsku sagnfræðingarnir Ann Curthoys og Ann McGrath benda réttilega á, er það hlutverk sagnfræðingsins að vega og meta allar heimildir sem hann vinnur með og vera meðvitaður um að minnið getur verið óáreiðanlegt. Glöggur sagnfræðingur tileinkar sér einnig að notast við fleiri heimildir til að styðja við munnlegu heimildirnar.⁸

Eitt af séreinkennum munnlegra heimilda sem aðgreinir þær frá öðrum

³ Það sem er átt við með að gildi munnlegrar sögu hafi aukist er að loksins urðu þær skjalfestar þ.e.a.s. að hljóðritið var loksins aðgengilegt og hægt er að vísa beint í hana. Áður þurfti að vitna í það sem hefði verið skrifað upp eftir fólki en reynslan hefur kennt okkar að það tekst ekki alltaf upp.

⁴ Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur. Minni, minningar og saga*, bls. 194.

⁵ Pierre Nora, „Between Memory and History“, bls. 14.

⁶ Pierre Nora, „Between Memory and History“, bls. 13.

⁷ Valerie Raleigh Yow, *Recording Oral History*, bls. 45 og 50.

⁸ Ann Curthoys og Ann McGrath, *How to Write History that People Want to Read*, bls. 91-92.

heimildum og vert að hafa í huga, er að margar þeirra skapast við samspil tveggja aðila, fræðimanns og viðmælanda.⁹ Fræðimaðurinn þarf að vera meðvitaður um að hann geti haft áhrif á hvaða minningar eru kallaðar fram eða hvaða minningar viðmælandi forðast að ræða. Fræðimaðurinn getur að sama skapi haft mikil áhrif á heimildina með því að færa texta yfir á ritað mál. Það þarf að gæta þess að upprunalegu auðkenni textans fái að halda sér og fjarlægist ekki viðmælandann sjálfan, en finnski sagnfræðingurinn Ulla-Maija Peltonen hélt fram að sú aðgerð væri ekki ósvipuð því að þýða heimild frá einu tungumáli yfir á annað.¹⁰

Kostir munnlegrar sögu eru samt margir. Norski sagnfræðingurinn Knut Kjeldstadli telur upp níu punkta um munnlegar heimildir í bók sinni *Fortida er ikke hva den en gang var*. Á meðal þessara punkta kemur fram að kostir munnlegra heimilda eru að þær hjálpa við að vísa til skriflegra heimilda, gefa skrifuðum texta aukið líf og geta svarað spurningum sem aðrar heimildir gera ekki og ýti auk þess undir frekari athugun og nýjar spurningar. Þetta gerir það verkum að Kjeldstadli telur að munnlegar heimildir séu einstakar, að þær gefi dýpri innsýn og auki skilning fræðimannsins á viðfangsefninu og geri það aðgengilegra fyrir almenning en margar aðrar heimildir. Þetta eru einnig heimildir sem fást oft hvergi annars staðar.¹¹ Vert er þó að hafa í huga, eins og finnski sagnfræðingurinn Jorma Kalela bendir á, að þó svo að munnlegar heimildir dýpki innsýn fræðimannsins í fortíðina þá getur fræðimaðurinn ekki ætlast til þess sjálfkrafa að geta sett sig í spor og skilið tilfinningar þeirra sem segja frá.¹²

Fyrir þessa ritgerð var tekið viðtal við átta konur, sjö þeirra eru eða voru giftar varðskipsmönnum og ein var móðir varðskipsmanns. Í heildina var haft samband við ellefu konur en þrjár þeirra neituðu að gefa viðtal. Flest viðtölin fóru fram í heimahúsum en eitt fór fram á vinnustað. Unnið var út frá fyrirfram tilbúnum spurningalista. Með spurningunum var reynt að fá góða innsýn í líf kvennana á þessum tilteknu tímum, þegar makar þeirra eða synir voru þátttakendur í stríðunum. Spurningarlistann má sjá í heild sinni í viðauka.

⁹ Sigrún Sigurðardóttir, „Að bera kennsl á hið óvænta. Munnlegar heimildir: Möguleikar og sannleiksgildi.“ *Hvað er sagnfræði. Rannsóknir og miðlun*, bls. 27.

¹⁰ Ann Curthoys og Ann McGrath, *How to Write History that People Want to Read*, bls. 194 og „Sársauki og sættir. Munnleg saga og samfélagsleg gagnsemi hennar. Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur ræðir við finnsku fræðikonuna Ulla-Maija Peltonen.“, *Saga*, bls. 12.

¹¹ Knut Kjeldstadli, *Fortida er ikke hva den en gang var*, bls. 185-187.

¹² Jorma Kalela, *Making History. The Historian and Uses of the Past*, bls. 105.

Sögulegt yfirlit

Hér verður litið yfir sögu þorskastríðanna í stuttu máli og dregnið verða fram athyglisverðir atburðir úr stríðunum. Það getur hjálpað lesenda að setja sig inn í tíðarandann sem var við lýði á Íslandi á meðan þorskastríðin voru og aukið skilning lesenda á frásögnum kvennanna.

Þorskastríðin þrjú

Þorskastríðin eru almennt talin hafa verið þrjú. Fyrsta þorskastríðið hófst árið 1958 þegar Íslendingar færðu fiskveiðilögsöguna úr fjórum sjómílum yfir í tólf sjómílu. Því lauk ekki fyrr en tæplega þremur árum seinna þegar samningar voru gerðir í mars árið 1961. Ásiglingar voru almennt ekki tíðar í fyrsta þorskastríðinu en nokkrum sinnum kom til þess að varðskipin skutu viðvörunarskotum í áttina að lögbrjótum (erlendir fiskibátar, oftast togarar, sem veiddu ólöglega innan íslensku fiskveiðilögsögunnar).

Athyglisverður atburður átti sér hins vegar stað strax í upphafi fyrsta þorskastríðsins. Þann 2. september árið 1958 kom til ágreinings milli áhafnar varðskipsins Þórs og freigátunnar HMS Eastbourne, eftir að varðskipsmennirnir höfðu reynt að taka yfir breskan togara sem hafði gerst lögbrjótur. Málalokin urðu þau að varðskipið Þór sigldi í burtu og níu íslenskir varðskipsmenn voru teknir um borð í freigátuna HMS Eastbourne. Bretar töldu þá vera „gesti“ um borð herskipsins en flestir Íslendingar töldu þá hins vegar vera „fangar“ bresku krúnunnar.¹³ Íslensku varðskipsmennirnir voru síðan látnir lausir þann 13. september 1958, rétt utan við strönd Keflavíkur.¹⁴ Ólafur Valur Sigurðsson var einn þeirra sem tekinn var um borð. Hann ber viðveru sinni um borð í HMS Eastbourne vel söguna og segir framkomu áhafnarinnar hafa verið góða.¹⁵ Þetta atvik var einsdæmi í öllum stríðunum.

Rúmlega áratug seinna, þann 15. febrúar árið 1972, var sú ákvörðun tekin á Alþingi að íslenska fiskveiðilögsagan skyldi færð út í 50 sjómílu þann 1. september 1972. Annað þorskastríðið hófst og samningar náðust ekki fyrr en rúmu ári seinna,

¹³ Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls. 51, 61 og 58 og „Brezkir sjóliðar ráðast á íslenska varðskipsmenn við löggæzlustörf“, *Morgunblaðið*, 03.09.1958, bls. 1-2.

¹⁴ „Anderson gaf föngunum bátinn til minja um dvölinna í Eastbourne“, *Alþýðublaðið*, 01.09.1972, bls.7.

¹⁵ Valgeir Sigurðsson, „Fangi hennar hátignar“, bls. 63-64.

þann 13.nóvember 1973.¹⁶ Strax í byrjun átakanna urðu ákveðin þáttaskil með tilkomu íslensku vírklippanna sem notaðar voru af Landhelgisgæslunni. Vírklippurnar komu oft til sögunnar í stríðinu og bættu stöðu íslensku Landhelgisgæslunnar til muna. Þegar átökunum lauk var Landhelgisgæslan búin að skera á 79 víra hjá lögbrjótum, bæði hjá breskum og þýskum togurum. Almennt má segja að meiri harka hafi verið í öðru þorskastríðinu en í því fyrsta og ásiglingar voru tíðari. Stærstu tímamótin í öðru þorskastríðinu var eflaust sá sorgaratburður sem átti sér stað þann 29. ágúst árið 1973, þegar Halldór Hallfreðsson skipverji á varðskipinu *Ægi* lést af slysförum.¹⁷ Deilt var um hver ábyrgð Breta væri á slysinu en Bretar neituðu allri aðild.¹⁸ Frásögn Þrastar Sigtryggssonar skipherra bendir til þess að banaslysið hafi átt sér stað í kjölfar mistaka og misskilnings áhafnar varðskipisins.¹⁹ Halldór var eini maðurinn sem lést í þorskastríðunum.

Þriðja og jafnframt síðasta þorskastríðið hófst tæplega tvemur árum eftir að samningar náðust árið 1973. Sú hugmynd að færa fiskveiðilögsöguna upp í 200 sjómílar kom upp hjá íslenskum stjórnvöldum nokkru áður en endaleg ákvörðun var tekin þann 15. júlí 1975. Það má segja að hjólin hafi farið að snúast í kjölfar þess að Hafrannsóknarstofnun gaf út skýrslu sumarið 1975. Sú skýrsla dró fram mjög dökka framtíð fiskistofna við Íslandsstrendur vegna ofveiði og gaf til kynna að nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða til að bjarga íslensku fiskistofnunum. Fyrir Íslendinga þýddi þetta aðeins eitt: aðrir en Íslendingar þurftu að víkja. Þann 15. október 1975 var íslenska fiskveiðilögsagan færð út, þær breytingar tóku þó ekki gildi fyrir bresk fiskiskip fyrr en mánuði seinna. Þriðja þorskastríðið hófst í kjölfarið og því lauk tæplega ári seinna þegar skrifað var undir samninga á milli landanna tveggja þann 1. júní 1976.²⁰

Samkvæmt fyrrum varðskipsmanninum Hálfadáni Henryssyni einkenndist síðasta þorskastríðið af meiri hörku og það hafði meiri áhrif á varðskipsmennina en fyrri stríðin. Varðskipsmenn fóru að sýna ákveðin streitueinkenni sem höfðu ekki þekkst í hinum stríðunum.²¹ Árekstrar voru tíðir og margir hverjir mjög slæmir t.d.

¹⁶ „Alþingi í gær: Einhugur um útfærslu“, *Morgunblaðið*, 16.02.1972, bls. 1 og Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls. 102.

¹⁷ Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls. 78-80, 88, 92, 100 og 103

¹⁸ „Slysið um borð í *Ægi*: Bretar neita allri ábyrgð á slysinu“, *Morgunblaðið* 31.08.1973, bls. 3 og 32 og „Dauðsfall um borð í *Ægi*: Var það alda frá Statesman sem grandaði manninum?“ *Tíminn* 31.08.1973, bls. 1 og 6.

¹⁹ Finnboði Hermannsson, „Vírarnir fóru þá báðir í sundur“, bls. 47 og 48.

²⁰ Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls. 108, 111-112 og 144.

²¹ Jón Hjaltason, „Í aldarfjórðung hjá Gæslunni“, bls. 79.

varð varðskipið Þór fyrir svo miklum skemmdum eftir árekstur þann 12. desember 1975 að leki kom inn í vélarrúmið og átján metra skemmd myndaðist á varðskipinu. Einn maður slasaðist lítillega á hendi í árekstrinum.²² Varðskipið Baldur varð fyrir slæmum árekstri þann 12. febrúar 1976 sem þótti einkar „fólskuleg“ og „ósvifin“ árás²³. Einn versti áreksturinn varð hins vegar þann 6.maí 1976, þegar kom til átaka milli varðskipsins Týs og bresku freigátunar HMS Falmouth. Freigátan sigldi tvisvar sinnum á Tý svo litlu mátti muna að skipinu hvolfdi. Skipið snerist einnig um 180° við annan áreksturinn. Skemmdirnar á varðskipinu urðu miklar og það var aðeins heppni að ekki varð mannskaði, því að minnsta kosti þrír varðskipsmenn voru uppi á dekki og fóru undir sjó við áreksturinn, en þeir náðu að halda sér föstum þangað til að skipið rétti úr sér.²⁴

Hagsmunir Davíðs og Golíats

Margir Íslendingar litu svo á að baráttan við að stækka fiskmiðin við strendur Íslands renndi stoðum undir sjálfstæði smáþjóðarinnar, bæði menningarlega sem og efnahagslega. Stækkun fiskmiðanna væri því „hluti af lífsbaráttu hennar“.²⁵

Hagsmunir Íslendinga lágu einnig í því að vernda fiskimiðin frá ofveiði enda litu margir svo á að þetta væri „eina auðlindin sem Guð gaf þjóðinni“ og hræðsla við að þurfa að deila fiskimiðunum með enn fleiri löndum í framtíðinni var mikil.²⁶

Þótt samstaða hafi verið um meginmarkmiðið, að öðlast yfirráð yfir auðlindum hafsins, er vart hægt að segja að landsmenn hafi alltaf verið einhuga í baráttunni. Ágreiningur var tíður í innanríkispolítíkinni um gang mála í þorskastríðunum. Þorskastríðin einkenndust líka af erfiðri stöðu bandarískra ráðamanna en þeir áttu alla tíð erfitt með að staðsetja sig í deilunum. Þeir höfðu áhyggjur af framtíð herstöðvarinnar í Keflavík, þátttöku Íslendinga í NATO og tengslum Íslendinga við Sovétríkin. Íslenskir ráðamenn sáu sér leik á borði og hótuðu nokkrum sinnum úrsögn Íslendinga úr NATO. Hlutleysi Bandaríkjamanna olli óánægju meðal marga Íslendinga sem fannst Bandaríkjamenn vera að svíkja varnarsamningana frá árinu

²² „Erum enn ákveðnari að vinna þetta stríð“, *Morgunblaðið*, 12.12.1975, bls. 1 og 31.

²³ „Fólskuleg árás á Baldur“, *Þjóðviljinn* 14.02.1976, bls.1.

²⁴ Valgeir Sigurðsson, „Nú, þetta eru þá endalokin“, bls. 92-96, Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls. 137-139 og Myndir úr Þorskastríðinu 1976, Landhelgisgæsla Íslands, 26. janúar 2014, <http://www.lhg.is/frettirotgata/frettir/nr/2716>, (Sótt 27.05.2015).

²⁵ „Örugg samstaða er beittasta vopn Íslendinga í landhelgismálinu“, *Þjóðviljinn*, 03.06.1958, bls. 1,3 og „Með festu en gætni“, *Alþýðublaðið*, 01.09.1972, bls. 5.

²⁶ Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls.59, 68 og 111.

1951. Íslendingar hótuðu líka oft að slíta stjórnmalasambandi við Breta vegna átakanna og gerðu það eitt skipti, þann 19. febrúar árið 1976. Stækkun íslensku fiskveiðilögsögunnar var einnig mikið hagsmunamál fyrir Breta, ekki aðeins vegna þess þeir voru missa mikilvæg fiskimið heldur líka af því að ef þeir samþykktu stækkun lögsögunnar þá yrði erfitt að neita öðrum þjóðum um sömu réttindi seinna meir. Þeir voru einnig undir miklum þrýstingi frá breskum útgerðamönnum og sjómönnum.²⁷

Bretar voru engin lömb að leika við fyrir litla Ísland. Íslenski skipaflotinn var til að mynda alltaf heldur bágborinn miðað við þann breska og sama er hægt að segja um aðgang að vopnum. Í fyrsta þorskastríðinu hafði íslenska Landhelgisgæslan aðgang að sjö skipum. Stærsta skipið var varðskipið Þór sem vó 693 tonn, á meðan flaggskip breska flotans, HMS Eastbourne var 2.150 tonn með 200 manna áhöfn. Segja má að þessi staða hafi verið gegnumgangandi þorskastríðin þrjú. Í öðru þorskastríðinu var skipafjöldinn sá sami hjá Landhelgisgæslunni en nokkur ný skip komin í staðin fyrir eldri skip. Stærsta skipið var varðskipið Ægir sem var 1.130 tonn. Á sama tíma voru Bretar að senda að meðaltali fjögur herskip á íslensku fiskimiðin og voru þau oftast kringum 2.300-2.450 tonn hvert skip. Skipaflotinn breyttist lítið fyrir þriðja þorskastríðið en íslenska Landhelgisgæslan bætti tveimur skipum við flotann, varðskipinu Tý og skuttogaranum Baldri.²⁸

Bretar vildu oft taka fastar á Íslendingum en þeir gerðu. Á ákveðnum tímamarki vildu sumir þingmenn í Bretlandi að freigátturnar myndu fá leyfi til að skjóta föstum skotum á íslensku varðskipin. Markmiðið var þá ekki að valda mannstjóni heldur að valda tjóni á varðskipunum. Í byrjun annars stríðs mun breski sjóherinn og Flotamálaráðuneytið hafa mælt með snarpri leiftursókn frá breska herflotanum, en sú aðferð myndi henta betur en langvarandi vernd á sjómiðunum. Almennt var breska flotanum skipað að forðast árekstra en í lok síðasta stríðsins breyttust leikreglur og létt var á þeirri skipun.²⁹ Í síðasta stríðinu kom til þess í eitt skipti að þota frá breska hernum hótaði að skjóta á íslenskt varðskip. Ekkert stóð á bakvið hótuninna í þetta skipti heldur var um blekkingu að ræða, en þetta gefur innsýn í andrúmsloftið undir

²⁷ Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls. 42-46, 58-59, 70-72, 100-101 og 126-128. Viðtal við Ásdís Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936). Ásdís segir að henni hafði fundist að Bandaríkjamenn hefðu ekki staðið við sinn hluta af varnasamningnum frá árinu 1951.

²⁸ Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls. 47-50, 77, 89-90 og 114 og Helgi Hallvarðsson, „Hvernig á að gæta nýju fiskiveiðimarkanna?“, *Morgunblaðið*, 18.07.1958, bls. 9.

²⁹ Mike Smart og AP, „Brezki flotinn íhugar gagnaðgerðir“, *Morgunblaðið*, 13.05.1976, bls. 1, 20 og Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls. 74 og 137.

lok síðasta stríðs.³⁰ Hræðsla Íslendinga við breska flotann var á margan hátt ekki af ástæðulausu. Yfirburðir breska flotans voru alltaf miklir og ef til hernaðarátaka hefði komið hefðu íslensku varðskipin ekki haft bolmagn til að berjast á móti fullbúnum herskipum bresku krúnunnar. Hið herlausa Ísland hefði því líklega tapað á skömmum tíma og með tilheyrandi mannfalli. Til þess kom hins vegar aldrei, sem betur fer fyrir Íslendinga en á sama tíma væri ekki rétt að segja að engin átök hafi orðið í þorskastríðunum.

Viðtöl við eiginkonur varðskipsmannanna

Hérna verður fjallað um svör kvennanna við spurningum um upplifun þeirra í þorskastríðunum og atburðum sem þeim tengdust. Ýtarlegri upplýsingar um allar konurnar má finna í viðauka.

Áhrif á heimilislíf, áhyggjur og tilfinningar

„Mér fannst það allt í einu eins og þetta væri orðið herþjónusta.“³¹

Starf landhelgisgæslumanna breyttist án efa mikið á skömmum tíma þegar þorskastríðin hófust og þeir gegndu ekki lengur aðeins venjubundnum verkefnum. Áhrif deilnanna höfðu ekki aðeins áhrif á gæslumennina sjálfa, heldur höfðu deilurnar jafnframt áhrif á fjölskyldur þeirra sem og aðra aðstandendur. Gengið var út frá því að konurnar hefðu fundið fyrir miklum breytingum í lífi sínu og heimilislífi á meðan þorskastríðin stóðu yfir, en breytingarnar höfðu þó mismikil áhrif á konurnar sjálfar. Reynt var að sjá fyrir hvaða áhrifum þær urðu og fyrir hvaða tilfinningum þær fundu. Sumar sögðu þorskastríðin hafa haft lítil áhrif á þær og aðstandendur þeirra, á meðan aðrar minntust þess að stríðin hefðu haft mikil áhrif á þær.

Ásdís Guðbjörg Konráðsdóttir var mjög hrædd um son sinn sem hóf störf rétt fyrir síðasta stríðið, þá aðeins sextán ára gamall. Henni fannst upplýsingarleysið erfitt og einnig fannst henni hræðilegt að fá ekki fyrst viðvörun frá Landhelgisgæslunni við fréttunum áður en þær birtust á prenti eða þeim var útvarpað. Ásdís man eftir óttanum við að missa barnið sitt, en henni og eiginmanni hennar líkaði illa við að

³⁰ „NATOVeldið Bretland. HÓTAR LOFTÁRASUM Á ÍSLENSK VARÐSKIP“, *Þjóðviljinn*, 13.05.1976, bls. 1.

³¹ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

sonurinn þeirra væri um borð í varðskipunum. Hins vegar gátu þau lítið að gert þar sem hann var orðinn lögráða á þeim tíma.³² Jenný Einarsdóttir minnst þess að margar eiginkonur hefðu upplifað mikið úrræðaleysi, en eiginmaður hennar barðist í síðasta þorskastríðinu. Aukið álag, upplýsingarleysi og þá mest þessi endalausa óvissa hefði reynst „sálarlega erfið“. Það að vita ekki hvað var í gangi, hvar eiginmenn þeirra væru staddir og við hvaða aðstæður. Þeir máttu ekki láta vita af sér nema að varðskipin kæmu í land einhvers staðar. Samt sagði hún að ástandið hefði ekki haft mikil áhrif á samband hennar og Hjalta, eiginmann hennar. Þau hefðu verið ung, ný gift og átt von á barni þegar síðasta þorskastríðið hófst. Ef til vill gerði það kannski það að verkum að minna fór fyrir áhyggjum hennar en ella, en hún minnst þess samt sem áður að þetta hafi verið erfitt og kannski hefði hún átt það til að ýta áhyggjum sínum meðvitað til hliðar. Jenný man til þess að það hafi reynt á að vera ein heima með börnin.³³

Maggý Björg Jónsdóttir man til þess að hún hafi alltaf verið að hlusta á fréttirnar og minnst þeirrar tilfinningar að vera velta fyrir sér hvað myndi gerast næst á miðunum. Á hvaða skip yrði siglt núna? Sigurjón, eiginmaður hennar, vann hjá Landhelgisgæslunni öll þrjú þorskastríðin. Maggý Björg man að henni fannst stærðarmunurinn á skipunum svo mikill. Hugur hennar leitaði alltaf mikið til varðskipanna og henni fannst sérstaklega erfitt að kveðja Sigurjón áður en hann fór um borð. Hún talar einnig um sambandleysið en man hversu mikill munaður það var þegar Sigurjón gat hringt heim.³⁴

Edda Þorvarðardóttir man að henni leið ekki vel og að hún fylgdist afar vel með fréttunum. Eiginmaður hennar vann við seinni tvö þorskastríðin. Fréttirnar um ásiglingarnar á varðskipin höfðu mikil áhrif á hana. Edda man líka að synir hennar hefðu verið orðnir það gamlir að þeir gerðu sér grein fyrir því hvað væri í gangi og orðið hræddir um líf föður síns.³⁵ Gyða Vigfúsdóttir man að henni fannst það stressandi og óþægilegt þegar maðurinn hennar byrjaði hjá gæslunni en hann barðist í síðasta þorskastríðinu. Hún hefði verið ung og hún hefði verið dálítill „hippi“ á þessum tíma. Henni þótti því einkennilegt að sjá manninn sinn í einkennisfötum og að hann væri kominn í vinnuumhverfi sem hafði svona strangar siðareglur. Hún átti

³² Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

³³ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953).

³⁴ Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935). Maggý Björg talaði um að „síðustu tvö árin“ hefði Sigurjón getað hringt heim. Af öllum líkindum á hún við síðustu tvö árin áður en Sigurjón hætti vinnu (árið 1987). Ólíklegt er að hún eigi við síðustu tvö árin þegar þorskastríðin voru í gangi.

³⁵ Viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (f. 1943).

síðan eftir að venjast þessu nýja umhverfi og átta sig á að reglurnar hefðu ekki verið þarna að ástæðulausu. Einnig hjálpaði það að kynnast öðrum varðskipsmönnum og aðstandendum þeirra. Hún man hins vegar eftir meiri spennu, óöryggi og einnig upplýsingaleysinu.³⁶ Hjördís minnst óvissunnar og óttans eins og flestar hinar konurnar. Þó segir hún að fyrsta þorskastríðið hafi verið rólegasta stríðið, en eiginmaður hennar var víst aðeins um borð í varðskipunum þá.³⁷

Bæði Jóna Guðmunda Helgadóttir og Dóra Magnúsdóttir minnst þess að þorskastríðin hefðu ekki haft mikil áhrif á þær eða daglegt líf þeirra. Jóna Guðmunda, eiginkona Pálma Hlöðverssonar, er uppalin á Vestfjörðum en hún flutti til Reykjavíkur til að finna vinnu. Hún segist hafa haft nóg að gera með börnin á þessum tíma en maður hennar var í Landhelgisgæslunni seinni tvö þorskastríðin. Hún man ekki eftir miklum breytingum. Bæði hún og börnin höfðu verið vön því að heimilisfaðirinn væri ekki heima, þar sem Pálmi hefði verið sjó áður en hann byrjaði hjá Landhelgisgæslunni. Breytingin hafi því ekki verið svo mikil. Þau fóru með honum niður að bryggju og kvöddu hann. Síðan höfðu þau strax byrjað að hlakka til þess að hitta hann næst þegar hann kæmi í land.³⁸

Maðurinn hennar Dóru, Reynir Björnsson, byrjaði ekki í Landhelgisgæslunni fyrr en janúar árið 1976. Þau hjónin fluttu einmitt fjölskylduna til höfuðborgarinnar í byrjun þess árs. Miklar breytingar urðu því á heimilislífi þeirra. Dóra man að það var mikið að gera með börnin og hún var á fullu að undirbúa fermingaveislu fyrir vorið. Á sama tíma upplifði Dóra að heimilislífið væri að komast í gamla rútínu því áður en þau fluttu suður þá var Reynir búinn að vinna í landi í einhvern tíma, en þar á undan var hann vanur sjómaður. Þarna var hann aftur farinn á sjó. Reynir var loftskemtamaður og vann því ýmist á landi eða til sjós, en það var breyting frá því sem áður var þar sem hann var á sjó áður fyrr.³⁹

Konurnar voru spurðar hvort þeim hefði fundist þær hafa meiri áhyggjur af mönnum sínum á meðan þeir tóku þátt í baráttunni í þorskastríðunum heldur en þegar þeir voru að sinna sínum hefðbundnu störfum hjá Landhelgisgæslunni. Jafnframt voru þær spurðar um þeirra helstu áhyggjur. Svörin samrýmast fyrri svörum kvennanna um hvort þeim þótti þorskastríðin hafa einhver áhrif á sig. Jenný sagðist

³⁶ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

³⁷ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

³⁸ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

³⁹ Viðtal við Dóru Magnúsdóttur (f. 1941).

hafa fundið fyrir miklu meira álagi á þeim tíma sem þorskastríðin voru í gangi.⁴⁰ Þegar Landhelgisgæslan hélt upp á fimmtíu ára afmælið sitt var tekið viðtal við Jennýju þar sem hún var spurð hvernig henni leið á meðan átökin voru í gangi.⁴¹ Hún svaraði því með þessum hætti:

Ég er fegin því að hafa haft hann í landi mest allan tímann, maður er hálfhræddur, jafnvel þótt ekkert stríð sé. Það er meira lagt á sjómannskonu, hún þarf að annast ýmsar útréttingar fyrir heimilið og sjá um það sem maðurinn mundi annars gera. Úthaldið hjá þeim er yfirleitt 2-3 vikur og getum við ekki rætt við þá nema þeir komi einhvers staðar í land og hringi.⁴²

Í sama viðtali var Dóra spurð hvernig henni leið yfir því að eiginmaður hennar væri að vinna um borð í varðskipi. Hún svaraði því: „Mér finnst þetta bara allt í lagi, hann hefur verið áður á sjó, maðurinn minn, en síðustu 10 árin unnið í landi. Við erum eiginlega að átta okkur á þessu,...“⁴³ Ef til vill lýsir þessi tilvitnun því best hvernig Dóru leið því að svörin voru svipuð í viðtalinu sem tekið var. Þar minnst hún þess ekki að hafa haft meiri áhyggjur þegar þorskastríðið var í gangi. Hún leiddi áhyggjurnar hjá sér, aðallega barnanna vegna. Hún minnst þess ekki heldur að börnin þeirra hefðu haft áhyggjur, ekki þannig að það olli henni ónotum. Börnin voru upplýst um stöðu mála og útskýrt var fyrir þeim að faðir þeirra væri óhultur. Hún bendir hins vegar á að lengst af tímanum sem Reynir vann hjá gæslunni voru friðartímar.⁴⁴

Maggý Björg sagði að hún hefði upplifað meiri áhyggjur þegar stríðin voru í gangi, enda var Sigurjón öll þrjú stríðin. Reyndar sagðist hún líka alltaf hafa haft miklar áhyggjur þegar vont var í veðri, en þorskastríðin var sérlega erfiður tími.⁴⁵ Helstu áhyggjur Eddu snerust um að varðskipin yrðu sigld í kaf með öllum innanborðs, sem var það versta sem hún gat ímyndað sér, auk tilhugsunarinnar um að bresku herskipin myndu beita vopnum sínum og skjóta á varðskipin. Hálf dán eiginmaður Eddu lærði einnig að aftengja sprengjur og Edda minnst þess að hún hafði alltaf haft sérstaklega miklar áhyggjur þegar hann sinnti þeim hluta starfsins hjá

⁴⁰ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953).

⁴¹ „Ósköp gott að hafa þá í landi“, *Morgunblaðið*, 04.07.1976, bls. 16.

⁴² „Ósköp gott að hafa þá í landi“, *Morgunblaðið*, 04.07.1976, bls. 16.

⁴³ „Ósköp gott að hafa þá í landi“, *Morgunblaðið*, 04.07.1976, bls. 16.

⁴⁴ Viðtal við Dóru Magnúsdóttur (f. 1942).

⁴⁵ Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935).

gæslunni enda sérlega áhættusamt.⁴⁶ Gyða hafði reynslu af því að fyrrum maður hennar væri á sjó og var vön þeim áhyggjum sem því fylgdi.⁴⁷ Reyndar orðaði hún þetta mjög skemmtilega: „Það að vera sjómannskona er ákveðið hlutverk“.⁴⁸ Henni fannst staða varðskipsmannanna í þorskastríðinu samt vera önnur. Þarna var kominn viðbótar áhættuþáttur. Þarna var ekki aðeins við náttúruöflin að glíma, heldur var komið annað fólk frá öðrum þjóðum inn í myndina. Hún hafði áhyggjur af að þeir yrðu sigldir í kaf eða að skotið yrði á þá.⁴⁹

Helstu áhyggjur Hjördísar voru að varðskipsmennirnir yrðu teknir höndum af Bretunum, eins og gert var í byrjun fyrsta þorskastríðsins. Benedikt var ekki um borð í varðskipinu við slíka atburði, en hann var einn af þeim sem þurfti að manna skipið eftir að hinir varðskipsmennirnir voru teknir höndum.⁵⁰ Jóna Guðmunda átti erfitt með að muna hvort hún hefði haft miklar áhyggjur þótt hún telji sig örugglega hafa haft einhverjar. Því hún minnst þess að um leið og Pálmi hafi komið heim, hafi áhyggjur hennar horfið. Hún minnst ákveðinnar óvissu og að hafa íhugað hvort Pálmi myndi hringja þann daginn eða næsta. Hún segist þó hafa lært það í sínu uppeldi að vera ekki að velta sér upp úr hlutunum.⁵¹

Þegar húsbóndinn var heima

„Það var bara jólin hvert skipti sem hann kom í land“⁵²

Minningar kvennanna um heimkomu eiginmannanna á meðan þorskastríðunum stóð, voru margar hverjar mjög ljúfar og góðar. Margar lýstu því sem fögnuði þegar þeir komu í land. Konurnar voru meðal annars spurðar hvort það hefði verið einhver munur á heimilislífinu þegar mennirnir voru heima, en einnig voru þær spurðar um ýmis samskipti þeirra við varðskipsmennina. Hvort þau ræddu saman um þá atburði sem áttu sér stað í þorskastríðunum, hvort varðskipsmennirnir hefðu tekið vinnuna með sér heim og hvort þær tóku eftir einhverjum breytingum á mökum sínum eða sonum.

⁴⁶ Viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (f. 1943).

⁴⁷ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

⁴⁸ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

⁴⁹ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

⁵⁰ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

⁵¹ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

⁵² Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953).

Margar muna til þess að hafa tekið allt húsið í gegn eins og um jóla- eða vorhreingerningu væri að ræða, bakað og gert allt fínt áður en eiginmennirnir komu heim. Jenný minnst þess einmitt að hafa tekið allt í gegn heima hjá sér og að hafa bakað. Oftast fengu konurnar hins vegar stuttan fyrirvara á því hvenær von væri á skipunum í land. Hún rifjar upp hvernig hún hafi „sett allt í botn“ þegar hún fékk skyndilega að vita af væntanlegri heimkomu Hjalta, svo að allt væri klárt áður er hann kæmi heim. Þetta var gert til þess að hún gæti notið þess sem mest að vera með manninum sínum á meðan hann var heima.⁵³

Maggý Björg segir það hafa verið hátíð á sínu heimili þegar Sigurjón kom heim. Að sjálfsgöðu tók hún húsið í gegn áður. Hún man að synirnir hefðu verið svo spenntir að taka móti pabba sínum við bryggjuna. Á ákveðnu tímabili þurfti Sigurjón samt að standa vaktir á varðskipunum á meðan þeir voru landi. Samverutíminn með honum var því naumur en tilfinningin við að fá maka sinn heim var góð og alltaf var jafn skemmtilegt þegar hann var heima. Allir voru glaðir.⁵⁴

Edda hafði svipaða sögu að segja. Búið var að baka, allt var gert hreint og fínt áður en Hálf dán kom heim. Tilgangurinn var sá að fjölskyldan væri ekki að eyða tíma í neitt annað en að hafa það notalegt með húsbóndanum. Þegar varðskipsmennirnir fóru aftur á sjó tók hversdagslífið við. Hún minnst þess að konurnar hefðu reynt að hlífa mönnunum sínum við þeim áhyggjum sem þær höfðu á meðan þeir voru heima. Edda mundi eftir skemmtilegu atviki þegar hún og ein önnur samstarfskona, sem einnig var gift varðskipsmanni, höfðu verið að vinna á kvennadeild Landspítalans á þessum tíma og verið að lýsa heimilisaðstæðum sínum fyrir einhverjum lækni þar. Þá hafði læknirinn svarað: „En guðdómlegt líf hjá þeim.“⁵⁵

Hjördís minnst þess að Benedikt hafi reynt að vera eins mikið með börnunum og hann gat þegar hann var í landi, þar sem hann var svo mikið í burtu að börnin þeirra þekktu pabba sinn ekki eins mikið og þau hefðu kosið. Hann var mjög duglegur með börnunum sem voru fædd á þessum tíma. Hún man t.d. eftir því að hann var vanur að leggja sig eftir hádegi en það gerði hann ekki þegar hann var í landi á stríðstímanum til þess að getað verið meira með fjölskyldunni.⁵⁶ Jóna Guðmunda segir að það hafi verið mikill munur á heimilislífinu þegar Pálmi var í landi, þá ríkti

⁵³ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953).

⁵⁴ Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935).

⁵⁵ Viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (1953).

⁵⁶ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

mikil gleði. Heimkoma hans fullkomnaði heimilið.⁵⁷

Á meðan sumar líktu heimkomu manna sinna við jólin, var þó minning allra ekki sú sama. Gyða man ekki til þess að það hafi verið mikil breyting á heimilislífinu þegar Heiðar kom heim.⁵⁸ Dóra mundi ekki sérstaklega eftir því, líklega var það alltaf viss fagnaður. Hún man til þess að hún hafi alltaf verið spennt fyrir heimkomu Reynis. Hún var alltaf mikið ánægðari þegar hann var heima. Meðal annars var hún það ánægð að hún gleymdi öllum áhyggjunum sem hún hafði ætlað sér að ræða við hann og mundi ekkert eftir þeim fyrr en hann var farinn aftur á sjó. Hún man að henni fannst alltaf erfitt að kveðja þegar hann fór til sjós.⁵⁹

Mjög mismunandi var hvort konurnar myndu til þess að varðskipsmennirnir tækju vinnuna með sér heim. Sem dæmi man Jenný ekki til þess og Gyða minnst þess ekki heldur, að minnsta kosti ekki þannig að það hefði farið mikið fyrir því.⁶⁰ Edda segir að Hálfán hafi gert það, að hann hafi reynt að láta lítið fyrir því fara en að hún hefði samt sem áður oft skynjað það.⁶¹ Jóna Guðmunda sagði að Pálmi hefði ekki tekið með sér vinnuna heim, ekki sem viðkom þorskastríðinu. Hins vegar hafi hann tekið það að sér að kafa fyrir Landhelgisgæsluna og finnst Jónu Guðmundu að það starf hafi haft meiri áhrif á hann.⁶²

Maggý Björg minnst þess sérstaklega að Sigurjón var mjög duglegur, vann mikið og tók sjaldan frí t.d. fyrstu 8 árin í sambúð þeirra tók hann sér aldrei frí. Launin hans Sigurjóns voru ekki það há hjá Landhelgisgæslunni, þannig að hann átti það til að vinna hjá öðrum skipafélögum þegar hann var í fríi hjá gæslunni t.d. í sumarleyfinu sínu.⁶³ Hjördís segir að Benedikt hafi tekið vinnuna sína með sér heim. Að hann hafi alltaf verið með hugann hjá þeim sem ekki voru í fríi og hafi stundum haft samband við skrifstofu Landhelgisgæslunnar til að fylgjast með því sem var í gangi.⁶⁴ Dóra sagði hins vegar að Reynir hefði bókstaflega tekið vinnuna með sér heim stundum. Hann var loftskæptamaður og var því til skiptis á sjó eða í landi. Þegar hann var í landi, þá var hann oft á bakvakt og lenti stundum í því að vera heima þegar skæptin bárust. Dóra man sérstaklega eftir því þegar hringt var á nóttunni og það var greinilega mikill hasar í gangi úti á sjó. Í þeim tilvikum þurfti hann bregðast hratt við

⁵⁷ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

⁵⁸ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

⁵⁹ Viðtal við Dóru Magnúsdóttur (f. 1941).

⁶⁰ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953) og Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

⁶¹ Viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (f. 1943).

⁶² Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

⁶³ Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935).

⁶⁴ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

og þýða tiltekið skeyti í snatri, lesa það síðan upp fyrir viðkomandi skipherra og senda dulkóðuð skilaboð frá skipherranum tilbaka. Þessi vinnubrögð áttu það til að vera síendurtekin og man Dóra til þess að heilu næturnar farið í þessa vinnu.⁶⁵

Þegar þorskastríðin voru í gangi upplifðu varðskipsmennirnir eflaust marga hluti sem fólk á almennt erfitt með ímynda sér og eflaust hefðu þeir viljað ræða um þá hluti sem voru í gangi. Konurnar voru því spurðar hvort þær hefðu talað um þessa hluti við eiginmenn sína. Ásdís minnti á að varðskipsmennirnir voru bundnir þagnarskyldu og þeir máttu því lítið segja.⁶⁶ Nokkrar minnst þess að eiginmennirnir hefðu ekki rætt mikið um vinnuna sína. Hjördís man hins vegar að hún og Benedikt hefðu oft rætt saman um vinnu hans hjá gæslunni. Hann hefði t.a.m. útskýrt fyrir henni ýmsa hluti eins vel og hann mátti. Þau útskýrðu það líka fyrir eldri börnum sínum.⁶⁷ Maggý Björg man að þau hjónin ræddu mikið saman en ekki sérstaklega um stríðin. Þau höfðu í svo mörgu öðru að snúast þennan stutta tíma sem hann var í landi heldur en að ræða um vinnuna hans.⁶⁸ Edda man að þau hjónin ræddu alveg um hlutina. Hún heldur samt að varðskipsmennirnir hafi verið enn duglegri að ræða um hlutina sín á milli. Þeir hefðu allir verið góðir vinir, enda man hún aldrei eftir því að Hálfván hafi talað illa um neinn eða um einhvern ákveðinn atburð.⁶⁹

Stuðningur og fjölmiðlar

„Maður var drulluhræddur þegar fréttirnar komu... fyrir honum var þetta ævintýri, það var það og hann var ekki tilbúinn að hætta þegar þetta kom til, að það væri komið stríð.“⁷⁰

Stóran hluta þess tíma sem varðskipsmennirnir voru við vinnu á meðan þorskastríðunum stóð voru þeir ekki í landi. Það voru einna helst loftskiptamennirnir sem voru heima, enda skiptust þeir á að vera á sjó og í landi þar sem þeirra var þörf í hvoru tveggja. Konur varðskipsmanna voru því stóran hluta af þessum tímabilum einar heima og flestar voru með börn. Allir viðmælendurnir sem talað var við í þessari ritgerð áttu börn á þessum tilteknu tímum á meðan menn þeirra börðust. Það getur

⁶⁵ Viðtal við Dóru Magnúsdóttur (f. 1941).

⁶⁶ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

⁶⁷ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

⁶⁸ Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935).

⁶⁹ Viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (f. 1943).

⁷⁰ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

reynst erfitt að vera án maka síns til langs tíma, en konurnar hafa ef til vill fengið einhvern stuðning. Margar kvennanna muna til þess að hafa fengið stuðning frá fjölskyldum sínum og ættingjum en ekki allar.

Spurt var hvort þær hefðu fundið fyrir einhverjum stuðningi frá almenningi á þessum tilteknum tíma. Jenný man að hún fékk mikinn stuðning frá foreldrum sínum. Faðir Jennýjar var sjómaður, þannig að mamma hennar sýndi henni mikinn skilning enda sjómanskona sjálf. Hún man hins vegar ekki til þess að hafa fengið stuðning frá almenningi.⁷¹ Gyða man að þau hjónin fengu mikinn stuðning frá foreldrum hennar. Gyða og Heiðar byrjuðu mjög ung saman. Heiðar bjó um tíma heima hjá foreldrum hennar og var orðinn stór hluti af fjölskyldunni. Hún man ekki eftir miklum stuðningi frá almenningi. Almennigur hafi ekki skipt sér að henni. Til dæmis voru vinkonur hennar ekkert mikið að spyrja hana um þróun mála. Hún upplifir hins vegar að það hafi orðið breyting á því eftir atvikið á Seyðisfirði. Þá hafi almennigur fundið hversu alvarlegt ástandið var og að það gæti ekki haldið svona áfram.⁷²

Maggý Björg segir að hún hafi haft ágætán stuðning. Hún minnst þess að margir hafi t.a.m. hringt í hana og spurt fréttu. Hún hafi því ekki upplifað að hún væri ein. Maggý Björg minnst þess að hafa fengið stuðning frá almenningi, að minnsta kosti frá þeim sem vissu um stöðu hennar.⁷³ Jóna Guðmunda man eftir að hafa fengið stuðning frá tengdaforeldrum sínum sem dæmi. Hún fann almennt ekki fyrir miklum stuðningi frá almenningi en minnst þess að hann hafi aukist þegar haldið var upp á sjómannadaginn.⁷⁴ Dóra man ekki eftir miklum stuðningi frá aðstandendum. Hún man að minnsta kosti ekki til þess að einhver hafi reynt að hugga hana þegar á bjátaði. Kannski var það vegna þess hve litlar áhyggjur hún sýndi í kringum aðra. Hún man ekki eftir stuðningi frá almenningi.⁷⁵ Edda man eftir miklum stuðningi og minnst þess að margir hafi verið áhugasamir. Það sama átti við um almenning.⁷⁶

Ásdís man ekki sérstaklega til þess að hafa fengið stuðning, hvorki frá aðstandendum né almenningi. Hún minnst þess að minnsta kosti ekki að fólk hafi spurt mikið um Kristján son hennar og telur að margir hafi horft þannig á málið að hann hafi valið þessi hlutskipti sjálfur. Fólk fylgdist auðvitað með fréttum, en þess fyrir utan var það ekki mikið að velta sér upp úr þorskastríðinu. Önnur amma Kristjáns var

⁷¹ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953).

⁷² Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

⁷³ Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935).

⁷⁴ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

⁷⁵ Viðtal við Dóru Magnúsdóttur (f. 1941).

⁷⁶ Viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (f. 1943).

sögd „brjáluð“ yfir því að hann ynni hjá Landhelgisgæslunni og vildi að Ásdís myndi hreinlega taka hann úr gæslunni. Ásdís var hins vegar ekki í neinni stöðu til þess, enda var drengurinn hennar orðinn sjálfráða á þessum tíma.⁷⁷

Hjördís man eftir að hafa fundið fyrir miklum stuðningi frá foreldrum sínum og tengdforeldrum. Tengdafaðir hennar var sjómaður. Benedikt kom stundum í land í stuttan tíma og minnst Hjördís þess þá að tengdapabbi hennar hefði átt það til að skutla henni á milli staða til þess að hitta Benedikt. Sem dæmi man hún að hann hafi skutlað henni á Akranes og í Hafnarfjörð í þeim tilgangi. Hjördís og Benedikt áttu ekki bíl því þau seldu hann til að getað fjármagnað kaup á húsnæði. Stuðningur almennings var hins vegar mismikill. Allt fór eftir því hvað var að gerast á miðunum og hver umfjöllun fjölmiðla var að hverju sinni. Þegar varðskipin voru að draga togara við ólöglegar veiðar, þá voru varðskipsmennirnir álitnir hetjur en lítið fór fyrir daglegum átökum um fiskimiðin vegna tólf sjómílnanna.⁷⁸

Umfjöllun fjölmiðla um þorskastríðin var einn af þeim áhrifaþáttum sem höfðu áhrif á daglegt líf kvennanna. Fjölmiðlar voru duglegir að birta fréttir um baráttuna. Margar kvennanna muna að þær fylgdust mikið með fréttum. Eins og áður kom fram þá var þetta í raun eina leiðin til að fá fréttir af stöðu mála og vitneskju um hvað væri í gangi. Varðskipsmennirnir máttu ekki hringja í konurnar sínar nema að þeir kæmust í síma þegar varðskipin komu í land einhverstaðar. Sjálfar höfðu konurnar engan stað til að hringja á ef þær óskuðu eftir upplýsingum. Hvort sem þeim líkaði betur eða verr þá þurftu þær að bíða eins og allir aðrir og fá fréttirnar í útvarpi eða með dagblöðum. Minningar kvennanna um fjölmiðla voru mismiklar en flestar minnst þess að hafa fylgst vel með fréttunum, að minnsta kosti muna bæði Jenný og Maggý Björg vel til þess.⁷⁹

Gyða minnst þess að henni hafi þótt þessi staða mjög erfið og óþægileg. Hún telur að á vissan hátt hafi fólk verið hrætt við fjölmiðla á þessum tíma. Hún minnst þess að þegar hún var mjög ung hafi hún sett sér það markmið að forðast að hlusta á fréttir en eftir að Heiðar byrjaði hjá Landhelgisgæslunni þá breyttist það. Hún fann sig knúna til að fylgjast mikið með fréttunum, enda var það eina leiðin til að frá fréttir af störfum varðskipsmannanna. Hún man eftir tilvikum þegar dagskráin var stundum

⁷⁷ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

⁷⁸ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

⁷⁹ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953) og Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935).

rofin í beinni útsendingu með nýjustu fréttir.⁸⁰ Ásdísi fannst mjög erfitt að aðstandendum væri ekki gert viðvart af Landhelgisgæslunni áður en fréttirnar birtust eða heyrðust í fjölmiðlum.⁸¹ Jóna Guðmunda mundi ekki mikið eftir fjölmiðlaumfjölluninni og mundi ekki til þess að útsending hefði verið rofin. Reyndar viðurkenndi hún að hafa haft einhver sambönd innan gæslunnar og að hún hafi stundum fengið fregnir áður en fréttirnar komu fram í fjölmiðlum.⁸² Hjördís man meira að segja eftir því að þó svo að Benedikt væri í landi að þá hefði henni þótt erfitt að hlusta á fréttirnar þegar var verið að segja frá ásiglingum á varðskipin, því hún þekkti svo vel áhafnirnar á varðskipunum.⁸³

Eftirminnilegir atburðir, breytingar og skaði

„Það er það sem ég man sterkast, að bíða.“⁸⁴

Oft þegar maður hugsar til baka og veltir fyrir sér fortíðinni þá uppgötvar fljótt hversu auðvelt það er að gleyma fjölmörgum atburðum. Maður getur því ímyndað sér að það reynist einstaklingum erfitt að rifja upp atburði sem gerðust fyrir allt að 57 árum síðan, ef miðað er við upphaf fyrsta þorskastríðsins. Óneitanlega varðveitir fólk sumar minningar betur en aðrar. Konurnar voru beðnar að nefna þá atburði frá tímum þorskastríðanna sem þeim þóttu eftirminnilegastir. Enn fremur var spurt hvað þeim þótti erfiðast á meðan þorskastríðunum stóð og hvort þær teldu sig eða fjölskyldu sína hafa hlotið einhvern skaða af þeim.

Hjördísi fannst óvissan erfiðust, en eftirminnilegast fannst henni þegar hún eignaðist sitt annað barn (árið 1959) og Benedikt var við vinnu á varðskipunum. Hún hafði enga leið til þess að láta hann vita að það væri komið barn. Hins vegar vildi svo vel til að varðskipið sem Benedikt var um borð í, fór í land í stuttan tíma aðeins einum til tveimur dögum seinna og náði Benedikt því að hringja heim til að þess að fá fréttirnar. Þau hjónin töluðust þó ekki við, því hún var enn á fæðingarheimilinu. Hana minnir að Benedikt hafi fengið að sjá son sinn u.þ.b. 10 dögum eftir fæðingu drengsins. Annar viðburður er henni einnig minnisstæður, en það var þegar hún fór til Bretlands á meðan þorskastríðunum stóð. Hún mundi ekki nákvæmlega hvenær það

⁸⁰ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

⁸¹ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

⁸² Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

⁸³ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

⁸⁴ Viðtal við Dóru Magnúsdóttur (f. 1941).

var en hún man að henni var ráðlagt að segja ekki hvaðan hún væri.⁸⁵

Maggý mundi ekkert sérstaklega eftir einhverjum einum atburði frá tíma þorskastríðanna. Hún segir að sér hafi hins vegar þótt það eftirminnilegast frá starfi Sigurjóns þegar mjög vont veður gekk yfir landið í febrúar árið 1968. Mikið manntjón varð í Ísafjarðardjúpi og fórust þó nokkur skip í ofsaveðri. Hún minnst þess að hafa haft afar miklar áhyggjur af Sigurjóni sínum þegar að varðskipin fóru þangað í björgunaraðgerðir. Eins fannst Maggý Björgu alltaf einstaklega erfitt að kveðja Sigurjón þegar hann var að vinna um hátíðir, s.s. um jól eða áramót. Hún man eftir einum áramótum sem Sigurjón átti að vera heima. Varðskipið hafði verið á leiðinni í land yfir áramótin þegar bátur strandaði og Sigurjón skilaði sér því ekki heim fyrir en á nýársdag. Maggý Björg var eini viðmælandi sem upplifði að eiga eiginmann sem vann við öll þrjú stríðin. Hún var því spurð hvert þorskastríðanna hefði reynst henni erfiðast. Það var þriðja og síðasta þorskastríðið því þar voru mestu átökin að hennar mati. Hún minnst þess hversu stórir dráttarbátarnir voru sem varðskipin voru að berjast við.⁸⁶

Jóna Guðmunda man best eftir því þegar gosið í Heimaey hófst árið 1973. Þá var Pálmi í landi. Hringt var um miðja nótt í heimasímann til að kalla Pálma á vakt. Jóna Guðmunda hafði svarað að Pálmi væri nú þegar á vakt, þegar hann lá í rauninni við hlið hennar í rúminu. Mikið hafði verið hlegið að þessu atviki innan gæslunnar. Jóna Guðmunda nefnir einnig að henni sé mjög minnisstætt þegar einn varðskipsmannanna lést af slysförum árið 1973.⁸⁷

Edda man óljóst eftir tveimur slæmum árekstrum á varðskipin. Annars vegar eftir alvarlegum árekstri varðskip þar sem Helgi Hallvarðarson var skipsherra. Hins vegar minnst hún þess að Baldur hafi lent í slæmum árekstri en Hálfván var um tíma á því skipi.⁸⁸ Að öllum líkindum var varðskipið sem hún mundi ekki nafnið á varðskipið Þór og atburðurinn sem hún nefndi getur hafa verið þegar Þór stórskemmdist austur á Seyðisfirði 12. desember árið 1975. Helgi Hallvarðsson var þá skipsherra.⁸⁹ Áreksturinn sem hún nefnir að varðskipið Baldur hafi lenti í, er líklega árekstur sem varð þann 27. mars árið 1976. Þá var Hálfván um borð en tekið var

⁸⁵ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

⁸⁶ Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935).

⁸⁷ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

⁸⁸ Viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (f. 1943).

⁸⁹ ÓT, „2000 tonna ferlíkið sigldi á okkur á 16 mílna hraða“, *Vísir*, 13.12.1975, bls. 24.

viðtal við hann sem birtist í *Morgunblaðinu* þar sem fjallað er um atburðinn.⁹⁰ Eddu fannst erfiðast að takast á við kvíðann sem fylgdi þorskastríðinu en hún sagði að langvarandi kvíði nagaði sig. Henni fannst einnig sambandleysið og biðin erfið.⁹¹ Þegar samningar náðust árið 1976 var tekið stutt viðtal við Eddu og þar lýsti hún því yfir að það væri léttir að samningar höfðu náðst. Mikið álag hefði verið á varðskipsmönnum, langar vaktir og átökin hefðu reynst þeim erfið. Edda sagðist þó ekki vera sátt með samningana sjálfa.⁹²

Jenný minnst líka atburðar þegar siglt var á varðskip en mundi ekki nafnið á því. Skipið hefði verið mikið laskað og þurfti nokkra daga til að laga það. Hún minnst þess að hafa farið að heimsækja Hjalta á Seyðisfjörð á meðan viðgerðum stóð. Hún og nokkrar aðrar eiginkonur flugu austur á Egilsstaði og tóku síðan bílaleigubíl og óku í blindþoku á Seyðisfjörð. Hún fékk að sjá skemmdirnar á varðskipinu og að það hafi verið mikil upplifun fyrir hana, þar sem skemmdirnar hefðu verið það miklar.⁹³ Líklega fór hún í þessa ferð eftir árekstur Baldurs, því í umfjöllun *Morgunblaðsins* er nefnt að nokkrar eiginkonur og unnustur höfðu þá lagt leið sína austur til að hitta menn sína.⁹⁴

Dóra man eftir því að Reynir var um borð í Baldri þegar skipið lenti í slæmum árekstri. Hún mundi ekki hvar áreksturinn var eða hvenær. Að öllum líkindum er um sama árekstur að ræða og var nefndur hérna að ofan. Hún man að hún heyrði fyrst um atburðinn í útvarpi og las í framhaldinu um hann í dagblöðum. Móðir Reynis hafi hringt og spurt hana fréttu. Hún minnst þess símtals vegna þess að tengdamóðir hennar hljómaði mjög formleg eins og hún væri að tala við einhvern annan. Reynir hringdi síðan í Dóru nokkuð seinna þegar Baldur kom í land en það hefði strax myndast biðröð í símann. Dóra segir það samtal vera það sem hún man hvað mest eftir. Reynir hafi verið æstur og uppveðraður. Hann talaði hátt og lá mikið á. Dóra talaði rólega við hann og hún man hvernig röddin á Reyni breyttist og hann róaðist niður. Hann útskýrði hvað hefði gerst, eins og hann gat eða mátti. Hún minnst þess að hann hafi verið orðinn rólegur þegar þau kvöddust. Henni hafi þótt óvissan óþægileg enda þurfti hún að bíða í töluverðan tíma eftir þessu símtali. Hún man þó hversu fegin hún var þegar að hann loks hringdi. Henni fannst óvissan og kvíðinn

⁹⁰ „Baldur hefur sent 2 freigátur í slipp“, *Morgunblaðið*, 30.03.1976, bls.3.

⁹¹ Viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (f. 1943).

⁹² KP, „Eiginkonur varðskipsmanna teknar tali: „Líðanin er óneitanlega betri eftir samningana“, *Dagblaðið*, 03.06.1976, bls.4.

⁹³ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953).

⁹⁴ „Baldur hefur sent 2 freigátur í slipp“, *Morgunblaðið*, 30.03.1976, bls.3.

mest minnstæður.⁹⁵ Minning hennar um hvað var að gerast í kringum hana og hvernig öðrum leið var óljós. Hún lýsti þessu svona: „Þegar maður fær svona, er að bíða eftir fréttum þá er eins og að sko, maður fókusi allt á það. Þá man ég ekkert sko hvernig öðrum leið í kringum mig, bara ekki baun, af því maður er bara, hvenær heyrir ég? Hitt verður svona þokukenndara, sko!“⁹⁶

Ásdís man þegar dagskráin var rofin í beinni útsendingu hjá útvarpinu til segja frá því að byssum hefði verið beint að varðskipinu Þór. Hún gat ekkert gert og gat ekki fengið neinar nánari upplýsingar.⁹⁷ Gyða man einnig eftir því þegar bein útsendingin var rofin þegar vopnum var beint að Þór, en Heiðar eiginmaður hennar var einmitt um borð í varðskipinu. Hún var í vinnunni þegar fréttatilkynningin kom og það hafði verið áfall fyrir hana. Hún hefði síðan náð að róa sjálfa sig niður með því að sannfæra sig um að allt yrði í lagi. Gyðu fannst það einna erfiðast við þorskastríðin að „kunna ekki leikreglunar“, eins og hún orðaði það. Að þarna hefðu Íslendingar verið settir í aðstæður sem þeir höfðu nær enga reynslu af, því að Íslendingar voru ekki vanir eða þjálfaðir í beinni þátttöku í stríðsátökum.⁹⁸ Erfitt er að segja til um hvaða atvik Gyða og Ásdís voru að rifja upp. Bresku herskipin notuðu aldrei hervopn sín í átökunum en þeir hótuðu að skjóta að varðskipinu Þór í desember árið 1975 eftir að Þór hafði hótad því að skjóta að breskum dráttarbáti. Þar hafði skipherra freigátunnar sagt að hann hefði leyfi til að skjóta á varðskipin ef þau myndu skjóta á dráttarbátinn. Hvort þetta sé hins vegar atvikið sem þær nefndu er ekki hægt að vita með vissu.⁹⁹

Þrátt fyrir að mikið hafi gengið á í þorskastríðunum sagði nær engin kvennanna að þær hefðu séð eða tekið eftir breytingum á hegðun eða framkomu varðskipsmanna. Fæstar telja sig eða fjölskylduna hafa orðið fyrir skaða vegna þorskastríðanna.

Maggý telur að það hafi örugglega verið meira álag á Sigurjóni á þessum tímum. Hún man hins vegar ekki til þess að hafa séð einhverjar breytingar á honum sjálfum, hvorki í framkomu eða í hegðun. Hann hafði ekki hlotið neinn skaða af störfum sínum í stríðunum. Maggý Björg minnst þess að starf hans sem kafari hjá Landhelgisgæslunni hafi reynt heldur meira á hann, að það hafi verið mjög erfið og

⁹⁵ Viðtal við Dóru Magnúsdóttur (f. 1941).

⁹⁶ Viðtal við Dóru Magnúsdóttur (f. 1941).

⁹⁷ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

⁹⁸ Viðtal við Gyðu Vígfúsdóttur (f. 1950).

⁹⁹ „Þór sýndi byssuna - Bretar hótuðu að skjóta“, *Morgunblaðið*, 07.12.1975, bls. 40.

áhættusöm vinna.¹⁰⁰ Hjördís hafði svipaða sögu að segja og Maggý Björg. Hún man til þess að Benedikt hefði haft áhyggjur en hún man ekki eftir breytingum á honum. Hún telur sig og sína ekki hafa orðið fyrir neinum skaða. Benedikt meiddist ekki í starfi og þau hjónin ræddu mikið saman, en hún telur að það hafi hjálpað þeim mikið.¹⁰¹ Jenný telur að hún og hennar fjölskylda hafi ekki hlotið neinn skaða af þorskastríðunum.¹⁰² Sama má segja um Ásdísi. Hún telur að hún og hennar fjölskylda hafi ekki orðið fyrir neinum skaða. Átökin hafi hins vegar ýft upp gamalt sár en tengdafaðir Ásdísar fórst þegar Goðafossi var sökkt í seinni heimstyrjöldinni.¹⁰³ Edda telur sig ekki hafa orðið fyrir neinum skaða, heldur lítur hún svo á að þetta tiltekna tímabil hafi verið þroskandi fyrir sig.¹⁰⁴

Dóra sagði sig hafa verið mjög unga og bjartsýna. Hún hefði átt erfitt með að trúá því að eitthvað slæmt gæti komið fyrir Reyni. Hún hafi alltaf litið svo á að þetta væri bara eitt af þessum verkefnum sem hún þurfti að skila af sér og þegar hún var spurð hvort hún muni til þess að hafa grátið eða verið leið yfir þessu þá svaraði hún um hæl, „Nei, nei, ég var ekkert döpur yfir þessu. Þetta var bara lífið, þetta bara, sko, þú veist þetta var bara það sem ég var að gera. Ég held að ég hafi tekið því svoleiðis, já.“¹⁰⁵ Ég sagði að mér þætti hún hafa sterkar taugar en því svaraði hún með þessum skemmtilegum orðum: „Sko, þegar maður verður, þá getur maður og þá gerir maður, ekki satt? Svo getur maður brotnað á eftir. En á meðan á því stendur þá bara allt í lagi.“¹⁰⁶

Gyða segist ekki hafa fundið breytingu strax hjá Heiðari. Þegar leið á þorskastríðið þá telur hún að langvarandi þreyta og mikið álag hafi farið að segja til sín hjá honum. Hún rifjaði upp að á þessum tíma var ekki boðið upp á áfallahjálp. Einstaklingarnir þurftu sjálfir að vinna úr tilfinningum sínum og áföllum. Hún telur ekki rétt að segja að hún hafi orðið fyrir einhverjum skaða. Þorskastríðið hefði aftur á móti verið mikil lífsreynsla og kennt henni margt, s.s. hvernig fólk gat staðið saman óháð aldri og bakgrunni.¹⁰⁷ Í lokin orðaði hún þetta á þann veg: „Ég myndi ekki segja það að maður hafi borið einhvern skaða en þetta er lífsreynsla. Ég veit ekki hvort ég hefði viljað sleppa henni. Ég veit það ekki. Maður veit það aldrei, af því maður fær ekki

¹⁰⁰ Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935).

¹⁰¹ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

¹⁰² Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953).

¹⁰³ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

¹⁰⁴ Viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (f. 1943).

¹⁰⁵ Viðtal við Dóru Mafnúsdóttur (f. 1941).

¹⁰⁶ Viðtal við Dóru Magnúsdóttur (f. 1941).

¹⁰⁷ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

sleppa því sem maður þarf að reyna.“¹⁰⁸ Áhugaverður punktur sem Gyða kom með var að hún telur að það hafi verið viss dulin álög á fjölskyldum varðskipsmanna. Það er að segja að langtímaáhrif stríðanna hafi hugsanlega gert það að verkum að það var nokkuð mikið um skilnaði nokkrum árum eftir þorskastríðin. Hún trúir því að þetta langvarandi álag gæti hafa haft ómeðvituð áhrif á hjónabönd varðskipsmanna og eiginkvenna þeirra.¹⁰⁹

Baráttan fyrir hönd varðskipsmannanna

Konurnar höfðu oft miklar áhyggjur af varðskipsmönnum og var það ekki að ástæðulausu. Varðskipsmenn fengu litla hvíld og mikið álag var á þeim.¹¹⁰ Eins var klæðnaður og búnaður var ekki nægilega góður. Einn viðmælanda minnst á að þeir hefðu einfaldlega verið í sínum eigin fatnaði og að það hefði verið mikil áhætta ef mennirnir lentu í sjónum, því Landhelgisgæslan var ekki nægilega vel tækjum búin til að það væri víst að þeir gætu bjargað þeim sem færu útbyrðis.¹¹¹ Varðskipsmennir munu þó hafa haft aðgang að björgunarvestum sem duga þó skammt í köldum sjónum.¹¹² Í lok baráttunnar um 200 sjómíllurnar fóru konurnar að hópa sig saman og krefjast aukinna réttinda og bættrar aðstöðu fyrir hönd varðskipsmanna. Það má í rauninni segja að barátta kvennanna hafi hafist þegar hópur kvenna fór á Alþingi með kröfur um umbætur fyrir varðskipsmenn og aðstandendur þeirra. Upp frá því varð til félag sem samanstóð af aðstandendum varðskipsmanna og seinna varð einnig til styrktarsjóður en hlutverk hans var að styrkja Landhelgisgæsluna í ákveðnum verkefnum. Hér á eftir verður farið yfir baráttu þessara kvenna fyrir bættum aðbúnaði eiginmanna sinna og sona og einnig verður skoðað verður afhverju þessi barátta hófst á þeim tíma sem hún gerði, í lok þriðja þorskastríðsins.

Heimsókn á Alþingi

Á forsiðu *Vísis* þann 18. mars árið 1976 birtist frétt með fyrirsögninni „Konur varðskipsmanna á alþingi“. Þar var auglýst að eiginkonur varðskipsmanna ætlaðu að koma saman klukkan tvö þennan dag á Alþingi og krefjast aukinna réttinda fyrir

¹⁰⁸ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

¹⁰⁹ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

¹¹⁰ „Varðskipsmenn hafa staðið sig afburðavel og þeir verða síðastir til þess að snúa við í baráttunni við Breta“ *Tíminn*, 19.03.1976, bls. 2.

¹¹¹ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

¹¹² Jón Hjaltason, „Í aldarfjórðung hjá Gæslunni“, bls. 81.

varðskipsmenn. Ætlunin var að ná tali af þáverandi dómsmálaráðherra og vekja athygli á þeim slæma aðbúnaði sem varðskipsmennirnir þurftu að búa við.¹¹³ Fyrir þennan fund, voru átökin á miðunum búin að vera slæm. Árekstar á milli varðskipanna og breska flotans voru búnir að vera tíðir og varðskipin voru oft á tíðum illa löskuð. Konurnar voru hræddar um menn sína og búnar að fá nóg af aðgerðaleysi. Eitthvað þurfti að gera.

Alþingisferðin var því e.t.v. sú stund sem konur varðskipsmanna tóku sig fyrst saman og börðust fyrir hönd manna sinna. Sagt var frá þessum atburði í mörgum fjölmiðlum daginn eftir með fyrirsögnum á borð við „Eiginkonurnar eru orðnar órólegar...“¹¹⁴ og „Eiginkonur og mæður varðskipsmanna heimsækja dómsmálaráðherra: ekki nóg gert fyrir gæzluna“.¹¹⁵ Þennan fimmtudag mættu fjörtíu til fimmtíu konur, eiginkonur, unnustur eða mæður varðskipsmanna.¹¹⁶ Þarna voru þær mættar með kröfulistu sem þær afhentu þáverandi dómsmálaráðherra, Ólafi Jóhannessyni, ásamt bréfi og mun hann hafa lýst yfir ánægju sinni með heimsóknina. Í bréfinu var þess krafist að fengin yrði aukaáhöfn á varðskipin til að hvíla varðskipsmennina og skipakosturinn yrði betrubættur. Svör Ólafs munu hafa verið á þá leið að það væri hans ósk að skipakosturinn væri bættur og að hann hafi reynt að fá leigt skip til gæslunnar. Auk þess skildi hann áhyggjur kvennanna þegar kom að ásiglingum á varðskipin og sjósetningum strax eftir bráðabirgðaviðgerðir. Hann tók síðan fram að það hefði verið unnið að því að fá einstakling frá Siglingamálastofun til að meta varðskipin eftir árekstra hvort þau væru sjófær eða ekki. Ólafur fékk gagnrýni sem snéri að því að íslensku varðskipsmennirnir væru ekki nógu vel undirbúnir fyrir stríðið og væru ekki „stríðsmenn“, þá mun Ólafur hafa svarað að varðskipsmennirnir hefðu fengið góðan undirbúning í þorskastríðinu 1972-1973.¹¹⁷ Það mun líklega ekki hafa hljómað mjög hughreystandi í eyrum kvennanna, sértaklega þeirra yngri sem voru ekki þessu vanar og makar þeirra höfðu ekki tekið þátt í fyrri stríðum.

¹¹³ SJ, „Konur varðskipsmanna á alþingi“, *Vísir*, 18.03.1976, bls.1 og „Leggjum áherslu á bættan skipakost gæzlunnar“, *Morgunblaðið*, 19.03.1976, bls. 3.

¹¹⁴ SJ, „Eiginkonur eru orðnar órólegar...“, *Vísir*, 19.03.1976, bls. 24.

¹¹⁵ BH, „Eiginkonur og mæður varðskipsmanna heimsækja dómsmálaráðherra: ekki nóg gert fyrir gæzluna“ *Dagblaðið*, 19.03.1976, bls. 8.

¹¹⁶ „Varðskipsmenn hafa staðið sig afburðavel og þeir verða síðastir til þess að snúa við í baráttunni við Breta“ *Tíminn*, 19.03.1976, bls. 2.

„Leggjum áherslu á bættan skipakost gæzlunnar“, *Morgunblaðið*, 19.03.1976, bls. 3.

¹¹⁷ „Varðskipsmenn hafa staðið sig afburðavel og þeir verða síðastir til þess að snúa við í baráttunni við Breta“ *Tíminn*, 19.03.1976, bls. 2.

Í umfjöllunni í *Morgunblaðinu* mun Selma Júlíusdóttir hafa spurt Ólaf hvort hann gæti ekki hugsað sér að standa vakt á varðskipunum þar sem varðskipsmennirnir væru orðnir svo langþreyttir að það gæti farið að hafa áhrif á heilsu þeirra, en þeir myndu alltaf halda áfram vinnu þrátt fyrir þreytu og gæfust aldrei upp. Ólafur svaraði spurningu Selmu játandi og sagði að hann gæti hugsað sér það. Það var líka haft eftir Ingu Hlökkversdóttur að konurnar myndu koma aftur, tvisvar sinnum í viku, til að sitja á pöllum þangað til að Landhelgisgæslan myndi fá ný skip. Í blaðinu var einnig rætt um hversu lág áhættupóknunin væri þegar kom að tryggingum varðskipsmanna, en áhættupóknunin var 10% sem var jafnt á við venjulegan „götulögregluþjón“ á þeim tíma.¹¹⁸ Því er það mjög skiljanlegt að miðað við þær þrautir sem höfðu verið lagðar á varðskipsmennina hafi konur þeirra verið ósáttar við að áhættupóknunin hafði ekki verið hærri og sértaklega með tilliti til þess að Landhelgisgæslan hafði misst einn mann í stríðinu á undan.

Samkvæmt *Þjóðviljanum* þá fór að gæta óróleika þegar leið á fundinn og voru konurnar byrjaðar að grípa fram í fyrir ráðherranum og urðu ósáttar þegar Ólafur hafði lítil svör. Hann hafði síðan skyndilega kvatt konunar eftir um það bil hálf tíma fund.¹¹⁹

Minningin um alþingisferðina

Ekki fóru allir viðmælendurnir á áðurnefndann viðburð í alþingishúsinu en þær sem fóru minnst hans með ólíkum hætti. Edda minnst þess að fundurinn hafi gengið vel fyrir sig og Ólafur hafi tekið vel á móti þeim og sýnt þeim mikinn skilning. Þarna hafi þær verið mættar til að sýna að varðskipsmenn áttu aðstandendur sem stóðu á bakvið þá og börðust fyrir réttindum þeirra.¹²⁰ Jóna Guðmunda man eftir að hafa farið en man ekki hvað fór fram á fundinum.¹²¹ Maggý Björg man að hún fór ekki.¹²² Það var Gyðu minnstætt að hún hafi reiðst dómsmálaráðherranum fyrir að tala í kringum hlutina og hún hafi í raun misst stjórn á skapi sínu og hrópað að Ólafi „...að Þór væri ekkert lengur skip. Hann er bara flak, hefuru séð hann?“¹²³ Hún hlær að þessu í endurminningunni að hún hafði verið að hrópa á mann sem hafði verið áður

¹¹⁸ „Leggjum áherslu á bættan skipakost gæzlunnar“, *Morgunblaðið*, 19.03.1976, bls. 3.

¹¹⁹ ÞH, „Lítið um svör hjá Ólafi“, *Þjóðviljinn*, 19.03.1976, bls. 3 og „Varðskipsmenn hafa staðið sig afburðavel og þeir verða síðastir til þess að snúa við í baráttunni við Breta“ *Tíminn*, 19.03.1976, bls. 2.

¹²⁰ Viðtal við Eddu Þorðvarðardóttur (f.1943).

¹²¹ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

¹²² Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935).

¹²³ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f.1950).

forsætisráðherra landsins.¹²⁴ Það kom fram í skrifum í *Þjóðviljanum* að varðskipinu Þór væri líkt við flak.¹²⁵ Reiði Gyðu hefur því náð til eyrna eins blaðamannsins og var ritað niður. Blaðamaður *Morgunblaðsins* spurði Gyðu hver ástæða væri á komu þeirra á Alþingi og þá mun Gyða hafa sagt að það þurfi að dreifa ábyrgðinni sem varðskipsmenn bjuggu við, á fleiri einstaklinga.¹²⁶

Ásdís man vel eftir alþingisferðinni vegna þess að hún átti orðaskipti við Ólaf eftir að hann hafi sagt „þið völduð“ þ.e.a.s. að konurnar hefðu valið eiginmenn sína og því starfi sem þeim fylgdi, en í tilviki Ásdísar var sonur hennar sem ungur maður á varðskipinu og hún benti Ólafi að hún hefði ekki valið þessa stöðu fyrir son sinn og hún lýsir viðbrögðum Ólafs með þessum orðum: „þá bara setti hann svip á sig og strunsaði í burtu, þá hafði hann ekkert við okkur að tala“.¹²⁷ Hún man jafnframt til þess að þær hafi verið að biðja um að þær yrðu varaðar við stórum viðburðum í baráttunni t.d. ásiglingum eða að byssum væri beitt, áður en þeir kæmu í fréttirnar. Auk þess vildu þær fá að vita hvert eða við hvern þær ættu að hafa samband til að fá frekari upplýsingar ef atburðir sem þessir ættu sér stað.¹²⁸

Þær konur sem spurðar voru um orð Ingu Hlöðversdóttur, um að konunar ætlaðu að mæta aftur á alþingi, minnst þess ekki að hafa farið aftur.¹²⁹ Alþingisferðin skilaði einhverjum framförum en Ólafur stóð við sitt með að láta skoða varðskipið Þór. Menn frá Siglingamálastofnun komu innan við viku frá alþingisferð kvennanna, til að meta stöðu varðskipins Þórs.¹³⁰ Fljótlega var farið að skoða skip sem hugsanlega gátu nýst sem varðskip í þroskastríðinu.¹³¹ Mikilvægasta breytingin sem sást ekki fyrr en tæplega tveimur mánuðum seinna er að samstaða kvennanna varð til þess að félag eiginkvenna og aðstandenda varðskipsmanna var stofnað.

¹²⁴ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f.1950).

¹²⁵ ÞH, „Lítið um svör hjá Ólafi“, *Þjóðviljinn*, 19.03.1976, bls. 3.

¹²⁶ „„Leggjum áherslu á bættan skipakost gæzlunnar““, *Morgunblaðið*, 19.03.1976, bls. 3 og 18.

¹²⁷ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

¹²⁸ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

¹²⁹ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950) og Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

¹³⁰ „Sérfræðingar skoðuðu Þór: Laga þarf öryggisatriði áður en skipið fer aftur“, *Morgunblaðið*, 23.03.1976, bls.2.

¹³¹ „Þessi tvö skip koma til greina sem varðskip“, *Tíminn*, 30.03.1976, bls.1.

Aðstandendafélagið Ýr

„...náttúrulega dreifði huga okkar á meðan þeir voru út á sjó.“¹³²

Félagið Ýr var félag aðstandenda varðskipsmanna og var stofnað þann 8. maí árið 1976. Sama dag birtist auglýsing, meðal annars í *Alþýðublaðinu*, þar sem fram kom að öllum aðstandendum varðskipsmanna væri velkomið að taka þátt í fundi og þar yrði félagið stofnað.¹³³ Félagið fékk nafnið Ýr og kosningar í stjórn fóru fram strax á stofnfundinum sjálfum sem var haldinn í Slysavarnafélagshúsinu í Grandagarði. Helstu markmið félagsins var að standa vörð um hagsmuni varðskipsmanna og heimili þeirra. Stjórn Ýrar samanstóð af sjö konum, Elín Skeggjadóttir var kosin fyrsti formaður félagsins og aðrir stjórnarmeðlimir voru: Jóhanna Kristjónsdóttir, Edda Þorvarðardóttir, Ásdís Konráðsdóttir, Gyða Vigfúsdóttir, Ólöf Benónýsdóttir og Ólöf Gunnarsdóttir.¹³⁴ Sex af þessum konum munu hafa verið í sambúð eða giftar varðskipsmönnum nema Ásdís Konráðsdóttir en hún var móðir eins þeirra.¹³⁵

Eins og áður kom fram voru margar af sterkustu minningum kvennanna af árekstrum sem gerðust í kringum alþingisferðina. Fyrir stofnun aðstandendafélagsins var mikill hamangangur á miðunum sem reyndist mörgum kvennanna erfitt. Samkvæmt grein sem birtist í fréttasafni Landhelgigæslunar varð einn versti áreksturinn í öllum þorskastríðunum þann 6.maí árið 1976, þegar varðskipið Týr og freigátan HMS Falmouth áttust við.¹³⁶ Sá árekstur átti sér stað rétt fyrir stofnun aðstandendafélagsins. Konurnar sáu ekki fyrir endann á deilunni og baráttan var alltaf að harðna. Það er því kannski ekki erfitt að ímynda sér hvað varð til þess að konurnar stofnuðu félagið á þeim tímapunkti sem þær gerðu.

Félagið Ýr stóð að ýmsum viðburðum og voru konunar duglegar við að safna peningum. Þær héldu þorrablót þar sem þær buðu mökum, jólaböll fyrir börnin og stóðu fyrir sölu á postulínveggskjöldum/plöttum sem voru skreyttir af listamanninum Eiríki Smith.¹³⁷ Plattarnir voru gefnir út í tilefni sigurs Íslendinga í baráttunni um 200

¹³² Viðtal við Jennýju Einardóttur (f. 1953).

¹³³ „Félag aðstandenda varðskipsmanna“, *Alþýðublaðið*, 08.05.1976, bls. 14.

¹³⁴ „Elín Skeggjadóttir kjörin formaður Ýr“, *Morgunblaðið*, 11.05.1976, bls. 12 og 29.

¹³⁵ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

¹³⁶ Myndir úr Þorskastríðinu 1976, Landhelgigæsla Íslands, 26.01.2014, <http://www.lhg.is/frettirogutgafa/frettir/nr/2716>, (Sótt 15.12.2014).

¹³⁷ „Fjölskyldufélag landhelgigæslumanna: Gefur út postulínveggskjöld“, *Alþýðublaðið*, 07.12.1977, bls. 3.

sjómílnar.¹³⁸ Félagið hélt líka blómamarkað og seldi einnig staupglös með merki Landhelgisgæslunar.¹³⁹

Ný stjórn var kosin fyrir Ýr í október árið 1978. Elín Skeggjadóttir lét þá af störfum sem formaður en nýji formaðurinn var Brynja Baldursdóttir. Áfram voru konur í stjórn sjö talsins og þar á meðal voru t.d. Gyða Vigfúsdóttir og Jenný Einarsdóttir.¹⁴⁰ Félagið leið undir lok nokkrum árum seinna, líklega einhvern tímann í kringum árin 1980-1981.¹⁴¹ Að minnsta kosti tala þeir viðmælendur, sem mundu eftir starfi félagsins, um að það hafi fljótlega lognast útaf þegar verkefnum þess fækkaði og síðasta þorskastríðið var afstaðið örfáum mánuðum frá stofnun þess. „Í rauninni var verkefnið bara búið, má segja.“ eins og Edda orðaði það.¹⁴² Nánari upplýsingar um lok félagsins fengust ekki og fundarbækur félagsins fundust ekki. Félagið var opið fyrir alla aðstandendur varðskipsmanna en þegar rætt var við viðmælendurna, komst ég fljótt af því að félagið samanstóð að mestu af konunum því viðmælendurnir tala eiginlega alltaf um „þær“. Einhverjir karlmenn hafa samt verið í félaginu, til að mynda var maður af nafni Baldur Halldórsson kosinn í stjórn félagsins árið 1978.¹⁴³

Minning um aðstandendafélagið Ýr

Upplifun kvennanna af félaginu Ýr er mismunandi. Flestir viðmælendur muna eftir félaginu og tóku þátt í starfsemi félagsins á einhvern hátt. Jóna telur að ekki hafi allar eiginkonur varðskipsmanna viljað taka þátt í félaginu og ekki þótt það við hæfi að konur væri að skipta sér af málum sem kom að vinnu eiginmanna þeirra.¹⁴⁴ Ásdís segir hópinn hafi tekið sig alvarlega og hafa þrýst á yfirvöld að eitthvað yrði gert.¹⁴⁵ Jenný minnst þess að félagið hafi orðið til fljótlega eftir alþingisferðina sem passar vissulega því félagið er stofnað tæplega tveimur mánuðum seinna.¹⁴⁶ Hjördísi minnir að konurnar hafi risið upp eftir ákveðnar ásiglingar á varðskipin og hópnum hafi ekki fundist að ráðamenn væri nógu harðir þegar þessir atburðir voru í gangi. Þær hafi verið að berjast fyrir auknum réttindum, öryggi manna, tryggingamálum og að það

¹³⁸ *Morgunblaðið*, 17.12.1977, bls. 10.

¹³⁹ „Ýrarfélagar selja heimaræktuð blóm“, *Morgunblaðið*, 23.09.1977, bls.5 og viðtal við Eddu Þorvarðardóttur (f. 1943).

¹⁴⁰ „Ný stjórn Ýrar“, *Morgunblaðið*, 12.10.1978, bls. 11.

¹⁴¹ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f.1950).

¹⁴² Viðtal við Eddu Þorðvarðardóttur (f. 1943).

¹⁴³ „Ný stjórn Ýrar“, *Morgunblaðið*, 12.10.1978, bls. 11.

¹⁴⁴ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

¹⁴⁵ Viðtal við Ásdísi Guðbjörgu Konráðsdóttur (f. 1936).

¹⁴⁶ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f.1953).

yrði passað að ekki yrði farið þegar það var of áhættusamt. Benedikt, maðurinn hennar, var þá komin í land og var ekki í baráttunni sjálfri. Hún tók samt sem áður þátt í baráttunni enda hafði hún upplifað marga hluti á meðan á 12 sjómílna baráttunni stóð. Hún minnst þess að margar konur sem höfðu upplifað fyrri þorskastríð hefðu viljað taka þátt og standa á bakvið þær sem höfðu ekki sömu reynslu enda voru margar kvennanna sem áttu maka sem voru að berjast í fyrsta skipti. Hana minnir að það hafi verið um 50-60 konur í félaginu, en þær hefðu ekki allar verið virkar.¹⁴⁷

Jenný fór ekki á Alþingi og sat ekki stofnfundinn en frétti af honum stuttu seinna og minnir að hún hafi byrjað fljótlega í félaginu eftir það. Hún komst síðan í stjórn og gegndi stöðu gjaldkera. Hún segir að starfsemi Ýrar hafi verið mikil, að meðlimir hafi hitst reglulega og þeir hafði verið sértaklega duglegir í því að safna pening. Hún minnst þess að þær hefðu safnað pening fyrir öllu innbúi í orlofsíbúðir sem voru eigu Landhelgisgæslunar. Jenný man einnig að þær hafi barist fyrir því að varðskipsmennirnir færu á fastar vaktir og það kæmu fastir tímar á komur og brottfarir, sem þýddi að þær vissu nákvæmlega hvenær þær ættu von á þeim heim eða hvenær þeir færu. Þetta hjálpaði konunum mikið, því þá áttu þær möguleika á því að skipuleggja sig fram í tímann og gátu gert einhver plön með mökum sínum.¹⁴⁸

Gyða man að hún komst á snoðir um stofnfund félagsins í gegnum frænda sinn sem vann sem sprengjusérfræðingur hjá Landhelgisgæslunni. Hún minnst þess að hann hafi sent hana strax í framboð og hún komst í stjórn. Hún man að hafa verið með þeim yngri í félaginu og hún þekkti engan. Margt hafi verið um manninn á stofnfundinum og Erla Skeggjadóttir var kjörin formaður eftir að hafa fengið flest atkvæði. Gyða minnst þess að almennt hafi Þórskonurnar fengið flest atkvæði og kastar þeirri hugmynd fram í gríni hvort það væri vegna þess að þær væru „stríðshráðari“ en aðrar konur og hlær.¹⁴⁹ Hún er í rauninni ekki sú eina sem var þeirrar skoðunar að konurnar sem tengdust varðskipinu Þór væru miklar baráttukonur. Þórunn Halldórsdóttir sagði eftirfarandi í viðtali í *Morgunblaðinu*: "Ég hygg að eiginkonur skipshafnar Þórs eigi mestan þátt í stofnun þessa félags, en Þór lenti sennilega í flestum árekstrunum á tímabili a.m.k."¹⁵⁰ Gyða segir að það hafi verið gaman í félaginu, margt skemmtilegt hafi verið gert og hún minnst þess

¹⁴⁷ Viðtal við Hjördísi Kröyer (f. 1936).

¹⁴⁸ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f. 1953).

¹⁴⁹ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttir. (f. 1950).

¹⁵⁰ „Ósköp gott að hafa þá í landi“, *Morgunblaðið*, 04.07.1976, bls. 16.

sértaklega að það hafi verið borðað mikið. Skemmtanir eins og þorablótin sem Ýrarkonur héldu þjöppuðu hópinn mikið saman. Gyða hætti í félaginu þegar hún og Heiðar ákváðu að skilja árið 1979. Henni finnst það hvað merkilegast hversu mikil samstaða var á milli meðlima félgsins. Þarna var saman kominn hópur fólks á besta aldri sem gerðu eitthvað, bjuggu til félag og börðust fyrir varðskipsmennina. Hún minnti einnig á að þær hefðu ekki verið bundnar þagnarskyldu eins og varðskipsmennirnir.¹⁵¹ Það gerði það að verkum að þær gátu látið í sér heyra.

Edda man að það hafi verið mikil ástríða í konunum, þær hefðu verið duglegar að láta í sér heyra en meðlimirnir tóku samt mismikinn þátt í verkefnum félagsins og það þótti allt í lagi. Edda segir að aðalatriðið var að þær væru „samhuga og samstíga“ og bætir því við að þetta hafi ekki verið saumaklúbbur eða kvenfélag, þetta félag hafi haft meiri tilgang en bara hittast og henni hafi þótt það spennandi.¹⁵²

En ekki tóku allir viðmælendurinn þátt. Í tilefni fimmtíu ára afmælis Landhelgisgæslunar í júlí árið 1976 var gestum boðið um borð í varðskipið *Ægi*. *Morgunblaðið* greindi frá því og tók meðal annars viðtal við Dóru, þar var hún spurð hvort hún væri meðlimur í félaginu. Þá mun hún hafa sagt að hún væri ekki meðlimur og þekkti lítið til starfsemi þess. Hún sagði síðan að líklega myndi hún gerast meðlimur í félaginu bráðlega.¹⁵³ Maggý Björg man til þess að hafa tekið þátt í einhverjum félagsskap sem var að berjast fyrir réttindum manna sinna og þá sérstaklega í sambandi við tryggingarmál. Hún man eftir samkomum og fundum en segist ekki muna eftir félaginu Ýr, en minnst þess að Selma Júlíusdóttir hefði komið nálægt stofnun einhvers aðstandendafélags.¹⁵⁴

Selma Júlíusdóttir

„Hún gekk fram fyrir skjöldu og setti jafnvel ofan í við ráðherra. Sumir kölluðu hana fyrir vikið kellingu og frekjuskass en aðrir mátu að verðleikum baráttu hennar og stallsystur fyrir bættum aðbúnaði gæslumanna.“¹⁵⁵

Nafn Selmu Júlíusdóttur kom margoft fram þegar rætt eða skrifað var um baráttu kvennanna fyrir varðskipsmenn og stofnun félagsins Ýr. Samkvæmt fjölmiðlum var

¹⁵¹ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

¹⁵² Viðtal við Eddu Þorðvarðardóttur (f.1943).

¹⁵³ „Ósköp gott að hafa þá í landi“, *Morgunblaðið*, 04.07.1976, bls. 16.

¹⁵⁴ Viðtal við Maggý Björgu Jónsdóttur (f. 1935)

¹⁵⁵ Jón Hjaltason, „Skelfilegir tímar“, bls. 97.

Selma oft framarlega í aðgerðum kvennanna t.d. í alþingisferð kvennanna þann átjándna mars árið 1976. Umfjöllun *Vísis* um alþingisferðina bendir til þess að þeir hafi í það minnsta litið svo á hún hafi farið fremst í flokki kvennanna.¹⁵⁶

Selma Júlíusdóttir var fædd árið 1937 og lést í janúar árið 2014. Hún var gift Óskari Indriðasyni sem vann sem vélstjóri á varðskipinu Þór þegar konunar örkuðu á alþingi.¹⁵⁷ Óskar vann hjá Landhelgisgæslunni frá áramótunum 1970-71 og til ársins 1978.¹⁵⁸ Margir viðmælendur minnst Selmu sem mikillar baráttukonu og að hún hafi átt stóran þátt í stofnun aðstandendafélagsins Ýrar. Hún hafði sterkar skoðanir sem má til að mynda sjá á skrifum hennar í blöðunum t.d. í *Morgunblaðinu* í ársbyrjun árið 1976. Þar kallar hún til íslenskra yfirvalda og biður um svör, hvort þau vilji ekki bæta stöðu gæslumanna eða geti það ekki. Í skrifum sínum krefst hún þess að aðstöður varðskipsmanna séu bættar og kemur hún með ýmis dæmi um hvað þyrfti að vera gert betur.¹⁵⁹ Kröfur Selmu í þessari grein minna mikið á þær kröfur sem gerðar voru í alþingisferðinni tveimur mánuðum seinna.

Allir viðmælendurnir mundu eftir Selmu. Jónu fannst Selma flott kona, drífandi og var ekkert að skafa af hlutunum.¹⁶⁰ Að mati Jennýjar var Selma driffjöðurin í stofun aðstandendafélagsins Ýrar.¹⁶¹ Edda notaðist við orðið „eldmóður“ og líkti Selmu við manneskjuna sem kveikti eldana á kyndli en Selma sat hins vegar aldrei í stjórn Ýrar.¹⁶²

Í tilefni af áttatíu ára afmæli Landhelgisgæslunar var gefin út bók, árið 2007, þar sem er margir fyrrum varðskipsmenn eru teknir tali og þar á meðal er tekið viðtal við þau hjónin Óskar og Selmu. Í greininni segir Selma meðal annars frá upplifun sinni af alþingisferðinni og hvernig hún hefði fengið hópinn til að koma saman og mæta niður á Alþingi. Til að byrja með hefði hún farið ein, síðan hefðu þær verið þrjár sem hefðu farið saman og síðan hefði náðst að safna stórum hóp saman. Selma rifjar upp samskipti hópsins við Ólaf Jóhannesson. Hún segir að það hefði verið tekið vel á móti þeim, síðan hefði Selma sjálf sagt nokkur orð og að lokum hefði Ólafur fengið orðið. Henni hefði ekki líkað hvernig Ólafur talaði til kvennanna og þá mun hún hafi

¹⁵⁶ SJ, „Eiginkonunar eru orðnar órólegar...“, *Vísir*, 19.03.1976, bls. 24.

¹⁵⁷ „Leggjum áherslu á bættan skipakost gæzlunnar“, *Morgunblaðið*, 19.03.1976, bls. 3.

¹⁵⁸ Jón Hjaltason, „Skelfilegir tímar“, bls. bls. 97.

¹⁵⁸ SJ, „Eiginkonunar eru orðnar órólegar...“, *Vísir*, 19.03.1976, bls. 24.

¹⁵⁹ Selma Júlíusdóttir, „Eiginkona varðskipsmanns: Hvetur til betri aðstöðu skipsmanna og aðstandenda“, *Morgunblaðið*, 13.01.1976, bls.10.

¹⁶⁰ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

¹⁶¹ Viðtal við Jennýju Einarsdóttur (f.1953).

¹⁶² Viðtal við Eddu Þorðvarðardóttur (f.1943).

gripið til eigin ráða.¹⁶³ „Svo fékk Ólafur orðið og talaði svoleiðis niður til okkar að mér blöskraði og greip að lokum fram í fyrir honum. „Nei, þú talar ekki svona til okkar“ sagði ég.“¹⁶⁴ Selma taldi að með alþingisferðinni hefðu þær náð einhverjum framförum t.d. að skipin færu í gegnum mat eftir árekstra en ekki send óskoðuð aftur út á haf.¹⁶⁵

Það er hins vegar mjög áhugavert að í þessu viðtali talar Selma um hvernig konurnar hefðu fengið nóg, risið upp fyrir eiginmenn sína og farið í alþingisferð. Hún talar líka um stofnun styrktarsjóðsins Hliðskjálfs en það er ekkert minnst á aðstandendafélagið Ýr. Þetta er sértaklega athyglisvert í því samhengi að flestir viðmælendur líta svo á að Selma hafði átt stóran hlut í því að félagið var stofnað. Hún hefur kannski ekki verið sammála því en Gyða minnst þess að Selma hafði ekki verið ánægð með þá vinnu sem var unnin í Ýri, þ.e.a.s. að Selma vildi aukna áherslu á björgunarbúnað og þess háttar.¹⁶⁶ Spurning hvort það sé raunverulega ástæðan verður ekki hægt að svara en hún virkar ekki ólíkleg ef maður skoðar markmið Hliðskjálfs sem Selma kom síðan að.

Sjóðurinn Hliðskjálfs

Þann 21. maí árið 1976 sagði fréttablaðið *Vísir* frá því að nýr sjóður hefði verið stofnaður daginn áður. Sjóðurinn var Hliðskjálfs og var stofnaður af Helgu Larsen á Engi og barnabarni hennar og nöfnu Helgu Bergmann. Þær tengdust Landhelgisgæslunni á þann máta að tengdasonur Helgu á Engi og faðir Helgu Bergmann var Sigurður Bergmann og vann á varðskipinu Tý.¹⁶⁷ Fimm manns mynduðu stjórn sjóðsins: Selma Júlíusdóttir var fyrsti formaður sjóðsins, aðrir stjórnarmenn voru Óskar Indriðason, Sveinbjörg Guðmarsdóttir, Guðmunda Helgadóttir og Bára Þórðardóttir.¹⁶⁸ Selma tók það hins vegar fram ári seinna í viðtali í *Morgunblaðinu* að sjóðurinn hafi verið stofnaður þann 26.maí árið 1976.¹⁶⁹ Á margan hátt mætti segja að sjóðurinn Hliðskjálfs hafi verið tilkominn vegna Selmu.

¹⁶³ Jón Hjaltason, „Skelfilegir tímar“, bls. 104-105.

¹⁶⁴ Jón Hjaltason, „Skelfilegir tímar“, bls. 105.

¹⁶⁵ Jón Hjaltason, „Skelfilegir tímar“, bls. 105.

¹⁶⁶ Viðtal við Gyðu Vigfúsdóttur (f. 1950).

¹⁶⁷ „Styrkja Gæsluna: Nafn sjóðsins er Hliðskjálfs“, *Vísir*, 22.05.1976, bls. 3.

¹⁶⁸ FB, „Sjóður til styrktar Landhelgisgæslunni var stofnaður í gær“, *Tíminn*, 21.05.1976, bls. 3.

¹⁶⁹ „Eiginkonur varðskipsmanna færa Landhelgisgæslunni björgunarbúninga og öndunardúkkur“, *Morgunblaðið*, 07.01.1977, bls. 17.

Helga Larssen á Engi segist hafa fengið hugmyndna eftir að hafa lesið greinar eftir Selmu og Helga setti sig síðan í samband við Selmu.¹⁷⁰

Sjóðurinn var stofnaður til þess að styrkja Landhelgisgæsluna en markmiðin voru „að stuðla að aukinni menntun allra landhelgisgæzumanna í landhelgis- og björgunarstörfum og öðru lagi að stuðla að bættri aðstöðu og tækjum fyrir Landhelgisgæzluna.“¹⁷¹ Í viðtali sem var tekið við Helgu Larsen á Engi kemur fram að hún teldi að frelsi Íslands byggðist fyrst fremst á þeim auðæfum sem finnast í íslensku fiskimiðunum, -allir landsmenn þurfa því að standa vörð um mennina sem passa frelsi landans þ.e.a.s. að passa varðskipsmennina sem stóðu vörð um landhelgina og þá fyrst og fremst fiskinn. Hugmyndin að stofnun sjóðsins spratt út frá þeim áhrifum sem Selma Júlíusdóttir og skrif hennar í blöðunum höfðu á Helgu. Helgu fannst greinilega mikið til Selmu koma.¹⁷² Selma sagði í viðtali í *Vísi*, þann 22. maí árið 1976, að Helga Larsen hefði viðrað hugmyndina við hana um það bil tveimur mánuðum áður en sjóðurinn var stofnaður.¹⁷³

Þegar ár var liðið frá útfærslu í 200 sjómílnar hóf Hliðskjálfr að selja barmmerki, en allur ágóði af sölu merkjanna átti að renna til Landhelgisgæslunnar og átti ágóðinn að framfylgja markmiðunum. Merkin kostuðu 200 krónur og þótti vel við hæfi að greidd yrði ein króna fyrir hverja mílu.¹⁷⁴ Sjóðurinn stóð að því að gefa Landhelgisgæslunni veglegar gjafir í ársbyrjun árið 1977. Gjöfin samanstóð af öndunardúkku, plastspelkum og níu björgunarbúningum. Selma Júlíusdóttir afhenti gjafirnar og Ólafur Jóhannesson tók á móti þeim fyrir hönd Landhelgisgæslunnar. Hlutverk öndunardúkkunnar var að starfsmenn Landhelgisgæslunnar myndu læra skyndihjálp sem myndi nýtast í starfi. Þessi umrædda gjöf fékk athygli meðal fjölmiðla, til að mynda birtist grein um þennan atburð í *Morgunblaðinu*. Tiltill greinarinnar er hins vegar mjög áhugaverður og hljómar svo „Eiginkonur varðskipsmanna færa Landhelgisgæzlunni björgunarbúninga og öndunardúkku“¹⁷⁵ Þarna er dregið upp að eiginkonur varðskipsmanna hafði gefið gjafirnar, sem gæti valdið misskilningi meðal almennings og tengt það við starfsemi félagsins Ýrar. Í það

¹⁷⁰ KL, „Helga á Engi og 6 ára dótturdóttir stofna félag: Hliðskjálfr á að hjálpa Gæzlunni“, *Dagblaðið*, 24.05.1976, bls. 4.

¹⁷¹ FB, „Sjóður til styrktar Landhelgisgæzlunni var stofnaður í gær“, *Tíminn*, 21.05.1976, bls. 3.

¹⁷² KL, „Helga á Engi og 6 ára dótturdóttir stofna félag: Hliðskjálfr á að hjálpa Gæzlunni“, *Dagblaðið*, 24.05.1976, bls. 4.

¹⁷³ „Styrkja Gæsluna: Nafn sjóðsins er Hliðskjálfr“, *Vísir*, 22.05.1976, bls. 3.

¹⁷⁴ „Árs afmæli útfærslu landhelginnar í 200 mílur“, *Þjóðviljinn*, 15.10.1976, bls. 5.

¹⁷⁵ „Eiginkonur varðskipsmanna færa Landhelgisgæzlunni björgunarbúninga og öndunardúkku“, *Morgunblaðið*, 07.01.1977, bls. 17.

minnsta sá stjórn Ýrar sig knúna til að birta litla grein nokkrum dögum seinna í blöðunum og útskýra muninn á Hliðskjálfi og félaginu Ýr til að koma í veg fyrir að sjóðurinn og félagið yrði sett undir sama hatt.¹⁷⁶ Skilin á milli aðstandendafélagsins Ýrar og sjóðsins Hliðskjálfs hafa greinilega ekki alltaf verið skýr.

Gjafinar sem Hliðskjáf gáfu virðast hafa mýkt eitthvað dómsmálaráðherrann því þegar Ólafur tók á móti gjöfunum mun hann hafa látið þessi orð falla: „Það hugsuðu kannski færri út í það að konur þeirra bæru líka sína byrði og færðu sínar fórnir og erfitt væri að meta við hvaða andlegt ástand þær þyrftu stundum að búa“.¹⁷⁷ Þetta gefur til kynna að skilningur Ólafs Jóhannesson á því hversu mikið álagið á varðskipsmönnum í þorskastríðinu og fjölskyldum þeirra hafði aukist mikið á þessu tæplega ári eftir að konunar upphaflega byrjuðu að berjast fyrir auknum réttindum varðskipsmanna.

Minningar viðmælandanna um sjóðinn eru mjög litlar. Í rauninni var aðeins ein sem mundi eftir sjóðnum og var það Jóna en hún minnst þess að það hafði verið sjóður innan Ýrar. Jónu minnir einnig að hún hafi um tíma verið gjaldkeri þegar rætt var um félagið Ýr.¹⁷⁸ Engar upplýsingar fundust um að hún hafi verið í stjórn Ýrar en hugsanlegt er að hún hafi verið gjaldkeri innan Hliðskjálfs og ef hana minnir að Hliðskjálfi hafi verið sjóður Ýrar þá er það eflaust auðskiljanlegur misskilningur. Það sem styður enn frekar þá tillögu er að þegar tilkynnt var um stofnun Hliðskjálfs í *Tímanum* þá er sagt frá hverjir voru í stjórn sjóðsins. Gjaldkerinn samkvæmt þeirri grein var Guðmunda Helgadóttir.¹⁷⁹ Það er ekki ólíklegt að þarna hafi verið smá villa í textanum og gleymst að setja fyrsta nafn Jónu fyrir framan við annað nafnið hennar.

Ekki fundust neinar upplýsingar um hvað varð um sjóðinn, líklega lognaðist hann fljótlega útaf eins og Ýr. Það var hins vegar tekið fram við stofnun, eins og segir í fjölmiðlum t.d. í *Morgunblaðinu*: „Í skipulagsskrá sjóðsins segir að verði hann leystur upp skuli fjármunum hans varið til sjómannaheimilis í Reykjavík, skv. ákvörðun sjóðsstjórnar.“¹⁸⁰ Jóna minnst þess hins vegar að hafa farið með peningakassa félagsins til starfsmannafélags Landhelgisgæslunar þegar sjóðurinn hætti.¹⁸¹

¹⁷⁶ „Ýr er ekki Hliðskjálfi“, *Visir*, 14.01.1977, bls. 17.

¹⁷⁷ „Eiginkonur varðskipsmanna færa Landhelgisgæzlunni björgunarbúninga og öndunardúkku“, *Morgunblaðið*, 07.01.1977, bls. 17.

¹⁷⁸ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

¹⁷⁹ FB, „Sjóður til styrktar Landhelgisgæzlunni var stofnaður í gær“, *Tíminn*, 21.05.1976, bls. 3.

¹⁸⁰ „Hliðskjálfi - sjóður til styrktar Gæzlunni“, *Morgunblaðið*, 22.05.1976, bls. 8.

¹⁸¹ Viðtal við Jónu Guðmundu Helgadóttur (f. 1942).

Niðurstöður

Margar kvennanna höfðu áhyggjur af varðskipsmönnum og höfðu gilda ástæðu til þess. Starf varðskipsmanna var áhættusamt. Það kemur vel fram að konurnar hræddust mismunandi hluti og áhyggjurnar endurspegluðu að hluta til atvik þeirra þorskastríða sem mennirnir þeirra tóku þátt í. Eiginkonur þeirra sem tóku þátt í fyrsta þorskastríðinu höfðu til dæmis áhyggjur af því að menn þeirra yrðu teknir um borð í bresk herskip, en líkurnar á slíku urðu hverfandi með tilkomu vírklippanna í seinni stríðunum.

Þær konur sem fundu ekki fyrir miklum áhrifum af þorskastríðunum, virtust almennt hafa minni áhyggjur en hinar konurnar. Það var einnig áhugavert að báðar konurnar sem sögðust hafa fundið fyrir litlum áhrifum frá stríðinu voru báðar uppaldnar utan höfuðborgarsvæðisins. Það væri því athyglisvert að velta þeirri hugmynd upp hvort að bakgrunnur kvennanna gæti haft einhver áhrif á upplifun þeirra? Til að fá markvissar niðurstöður um slíkt, hefði hins vegar þurft að hafa fleiri viðmælendur. Jóna Guðmunda nefndi hinsvegar að það hefði verið hluti af uppeldi sínu að velta sér ekkert of mikið upp úr fortíðinni og þess vegna hafi hún e.t.v. haft minni áhyggjur. Vissulega gæti líka einfaldlega verið munur á persónueinkennum viðmælenda sem spilar þarna inn í. Sú staðreynd að eiginmaður Dóru byrjaði seint í átökunum gæti einnig útskýrt af hverju hún hafi haft minni áhyggjur en aðrar, en Reynir hóf ekki störf hjá gæslunni fyrr en í byrjun ársins 1976.

Almennt fengu margar kvennanna góðan stuðning frá fjölskyldum sínum en stuðningur frá almenningi var sveiflukenndur og virðist fyrst og fremst hafa tengst ákveðnum atburðum þar sem þjóðinni ofbauð framferði Breta. Margar minnst þess að hafa fylgst vel með fjölmiðlum og hafi í rauninni þurft að fylgjast vel með fréttum til að fá einhverjar upplýsingar því þær komu ekki annarsstaðar frá. Það samræmist einnig upplifun þeirra á miklum upplýsingarskorti af hendi Landhelgisgæslunnar.

Minningar kvennanna um þorskastríðin voru mjög ólíkar. Flestar nefndu minningar sem tengdust átökunum út á sjó eða umfjöllun fjölmiðla um átökin en sumt af því eftirminnilegasta tengist þorskastríðunum þó ekki beint. Það var í raun áhugavert hversu margar kvennanna minntust á að önnur störf eiginmanna þeirra innan Landhelgisgæslunar hefðu reynt mikið á þær til dæmis þegar þeir voru að kafa eða að gera sprengjur óvirkar. Fáar sögðust hafa tekið eftir breytingum á mökum sínum, þó þær hefðu sumar viðurkennt að þeir hefðu vissulega verið undir meira

álagi á þessum tíma. Engin kona sagði að hún, maki eða fjölskylda hennar hefði orðið fyrir skaða af völdum þorskastríðanna. Hins vegar kom til tals að stríðin gætu hafa haft langtímaáhrif á hjónabönd, því að þó nokkuð var um hjónaskilnaði eftir þorskastríðunum lauk. Áhrif þorskastríðanna höfðu því ekki verið eins mikil og búist var við, en óvissan og kvíðinn eru rauði þráðurinn í minningum kvennanna sem rætt var við.

Barátta kvenna fyrir hönd varðskipsmannanna hófst formlega með alþingisferðinni í marsmánuði árið 1976, en margir viðmælendur sögðu að konur varðskipsmanna hafi fengið nóg af ástandinu og ákveðið að gera eitthvað í málunum því þeim fannst að íslenskir ráðamenn væru ekki að standa sig. Baráttan stóð þó ekki lengi, þar sem samningar náðust í deilunni nokkrum mánuðum seinna. Þrátt fyrir það áorkaði baráttan miklu, til dæmis voru félagið Ýr og sjóðurinn Hliðskjálfr stofnuð á þessum tíma. Baráttan skilaði einnig vissum framförum til að mynda með því að fá fagaðila til að skoða varðskipin eftir árekstra og meta hvort þau væru sjóhæf og byrjað var á að skoða ný skip til að auka flota Landhelgisgæslunar. Þetta hlýtur að vera merki um grósku og dugnað. Þeim var alvara og mjög annt um réttindi varðskipsmanna.

Aðstandendafélagið Ýr var ekki langlíft en á meðan það var við störf munu meðlimir hafa verið mjög duglegir og minningar kvennanna um félagið eru góðar. Þarna hafi verið saman komnar margar kjarnarkonur sem börðust fyrir hönd eiginmanna sinna eða aðstandenda. Margir viðmælendur mundu eftir félaginu og voru nokkrar af þeim í stjórn félagsins. Þrátt fyrir að síðasta þorskastríðinu hafi lokið innan við tveimur mánuðum frá stofnun félagsins náði Ýr meðal annars þeim árangri að varðskipsmennirnir fengu fastar vaktir sem tíðkaðist ekki áður og settir voru fastir komu- og brottfarstímar frá landi sem hjálpaði fjölskyldunum að skipuleggja sig fram í tímann. Hinar ýmsu leiðir til að halda fjáraflanir, skemmtanir og aðrir viðburðir sem þær skipulögðu hjálpuðu eflaust við að dreifa huga þeirra og brjóta upp hversdagsleikann sem konurnar lifðu við á meðan þorskastríðin stóðu yfir.

Við lok eins viðtalsins þegar var búð að slökkva á upptökutækinu lét ein konan þau orð falla að Ýr og félagsskapurinn sem myndaðist í kringum félagið hafi virkað eins og eitthvað sem kom í stað áfallahjálpar. Þessi orð hennar munu líklega vera rétt á margan hátt. Þarna kom saman hópur kvenna sem upplifðu svipaðar tilfinningar, áhyggjur og hræðslu á meðan þorskastríðin geysuðu. Þær voru ekki bundnar þagnaðareiði og þarna gátu þær talað saman og fengið stuðning hver frá annarri.

Félagið getur hafa á einhvern hátt hjálpað konunum við að vinna úr tilfinningum sínum og brotið upp þá tilfinningalegu einangrun sem þær hefðu annars getað orðið fyrir.

Litlar heimildir fundust hins vegar um styrktarsjóðinn Hliðskjálf. Einn viðmælandi var líklega í stjórn sjóðsins en mundi ekki mikið frá starfi hans. Reynt var að hafa samband við aðstandendur sjóðsins en með litlum árangri. Hliðskjálf hefur líklega átt það sameiginlegt með Ýr að sjóðurinn var skammlífur, enda lauk baráttunni um íslensku fiskimiðin nokkrum dögum eftir stofnun hans. Flestar heimildir sem fundust tengdust Selmu Júlíusdóttur, þeirri miklu baráttakonu sem var áberandi sem formaður Hliðskjálfs. Hún var greinilega mjög eftirminnileg kona því allir viðmælendurnir mundu eftir henni, nefndu hana með nafni og kölluðu hana forystusauð í ferðinni á Alþingi auk þess sem þeir töldu hana eiga stóran hlut í því að Ýr var stofnað.

Það sem er ef til vill áhugaverðast við frásagnir þessara kvenna var tilvísun margra þeirra um að þær hafi verið venjulegar sjómannskonur. Vissulega voru þær sjómannskonur, en hvað felst í þeim orðum? Þegar deilurnar voru í gangi, þá má segja að störf varðskipsmanna hafi ekki verið hefðbundin. Áhyggjurnar sem því fylgdu hljóta að hafa haft þau áhrif að þær hafi upplifað sig sem meira en bara venjulegar sjómannskonur. Þarna var komin aukin áhætta sem þekktist ekki á Íslandi. Starf varðskipsmannanna var óneitanlega byrjað að líkjast nokkurs konar herþjónustu. Það voru ekki lengur aðeins óviðráðanleg náttúrufyrirbæri sem þeim stafaði hættu af, s.s. veðurfar, ísjaki eða eitthvað sem við mannfólkið stjórnnum ekki, heldur voru þarna beinlínis komnir andstæðingar í spilið. Um var að ræða utanaðkomandi einstaklinga sem tóku sjálfstæðar og hlutdrægar ákvarðanir í þeirra þágu og gátu lagt íslensku varðskipsmennina í hættu. Bresk herskip höfðu alla burði til þess að sökkva íslensku varðskipunum. Til þess kom aldrei en maður getur ímyndað sér að það hafði kannski verið það sem konurnar hræddust hvað mest en leyfðu sér aldrei að hugsa til enda.

Þetta tímabil hlýtur því að hafa verið mjög óhugnanlegt fyrir aðstandendur. Í þessu ljósi er því áhugavert hversu oft konurnar gripu til þess orðbragðs að þær væru eins og aðrar sjómannskonur, þar sem álagið var að öllum líkindum miklu meira en hjá hefðbundnum sjómannskonum. Það kom á að óvart að áhrif stríðanna hafði ekki haft meiri áhrif á líðan kvenna en raun ber vitni. Kannski var þetta ein leið til að friða eigin hugsanir og loka á áhyggjurnar. Önnur ástæða getur verið sú að lengst af voru

flestir manna sem unnu hjá Landhelgisgæslunni að störfum á friðartímum og minning kvenna um starf manna er að mestu jákvæð.

Minningin er einnig oft fallegri en veruleikinn. Fjarlægðin við atburðarrásina hefur áhrif á minningarnar og ekki má gleyma því að viðtölin hefðu líklega komið öðruvísi út ef þau hefðu verið tekið nær rauntíma. Ritgerðin minnir óneitanlega á hversu viðkvæmar munnlegar heimildir eru og draga má þann lærdóm af henni hversu mikilvægt það er að nálgast frásagnir áður en þær fjara hægt og rólega út eða jafnvel gleymast. Stór nöfn í sögu eiginkvenna varðskipsmanna eru nú þegar fallin frá og er sorlegt að hafa misst af þeim. Því eins og kom fram í upphafi ritgerðinnar, þá er saga þessara kvenna hluti af sögu þorskastríðanna, en einnig hluti af sögu íslenskra kvenna á 20.öld og sagnfræðingum ber að hlúa að þeirri sögu.

Heimildaskrá

Munnlegar heimildir

Ásdís Guðbjörg Konráðsdóttir (f. 1936), 20. október 2014.

Dóra Magnúsdóttir (f. 1941), 6. október 2014.

Edda Þorðvarðardóttir (f.1943), 16. október 2014.

Gyða Vigfúsdóttir (f. 1950), 4. nóvember 2014.

Hjördís Kröyer (f. 1936), 7. október 2014.

Jenný Einarsdóttir (f. 1953), 9. nóvember 2014.

Jóna Guðmunda Helgadóttir (f. 1942), 21. október 2014.

Maggý Björg Jónsdóttir (f. 1935), 6. október 2014.

Prentaðar heimildir

„Anderson gaf föngunum bátinn til minja um dvölinna í Eastbourne“, *Alþýðublaðið*, 01.03.1972, bls.7 og 11.

BH, „Eiginkonur og mæður varðskipsmanna heimsækja dómsmálaráðherra: Ekki nóg gert fyrir gæzluna“ *Dagblaðið*, 19.03.1976, bls. 8.

Curthoys, Ann og McGrath, Ann, *How to Write History that People Want to Read*, (Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2011).

„Dauðsfall um borð í Ægi: Var það alda frá Statesman sem grandaði manninum?“ *Tíminn* 31.08.1973, bls. 1 og 6.

FB, „Sjóður til styrktar Landhelgisgæzlunni var stofnaður í gær“, *Tíminn*, 21.05.1976, bls. 3.

„Félag aðstandenda varðskipsmanna“, *Alþýðublaðið*, 08.05.1976, bls. 14.

Finnbogi Hermannsson, „Vírarnir fóru þá báðir í sundur“, *Landhelgisgæsla Íslands 80 ára, Afmælisrit*, (Akureyri: Völuspá, 2007), bls. 40-55.

„Fjölskyldufélag landhelgisgæslumanna: Gefur út postulínsveggskjöld“, *Alþýðublaðið*, 07.12.1977, bls. 3.

Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú. Saga landhelgismálsins 1948-1976*, (Reykjavík: Hafréttarstofnun Íslands, 2006).

Jón Hjaltason, „Góðir dagar og vondir“, *Landhelgisgæsla Íslands 80 ára, Afmælisrit*, (Akureyri: Völuspá, 2007), bls. 25-39.

Jón Hjaltason, „Í aldarfjórðung hjá Gæzlunni“, *Landhelgisgæsla Íslands 80 ára, Afmælisrit*, (Akureyri: Völuspá, 2007), bls. 69-87.

Jón Hjaltason, „„Skelfilegir tímar““, *Landhelgisgæsla Íslands 80 ára, Afmælisrit*, (Akureyri: Völuspá, 2007), bls. 97-105.

Kjeldstadli, Knut, *Fortida er ikke hva den en gang var. En innføring i historiefaget*. Önnur útgáfa, (Oslo: Universitetsforlaget, 1993).

Kalela, Jorma, *Making History. The Historian and Uses of the Past*, (Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2011).

KL, „Helga á Engi og 6 ára dótturdóttir stofna félag: Hliðskjálfi á að hjálpa Gæzlunni“, *Dagblaðið*, 24.05.1976, bls. 4.

KP "Eiginkonur varðskipsmanna teknar tali: "Líðanin er óneitanlega betri eftir samningana"", *Dagblaðið* 03.06.1976, bls.4.

„Með festu en gætni“, *Alþýðublaðið* 01.09.1972, bls. 5.

Morgunblaðið (Reykjavík 1958, 1975 - 1978).

Nora, Pierre, „Between Memory and History: Les Lieux de Mémoire“. Marc Roudebush sá um þýðingu. *Representations* 26 (1989), bls. 7-24.

„Sársauki og sættir. Munnleg saga og samfélagsleg gagnsemi hennar. Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur ræðir við finnsku fræðikonuna Ulla-Maija Peltonen.“ *Saga* 46:2 (2008), bls. 7-16.

Sigrún Sigurðardóttir, „Að bera kennsl á hið óvænta. Munnlegar heimildir: Möguleikar og sannleiksgildi.“ *Hvað er sagnfræði. Rannsóknir og miðlun*. Ritstjórar: Guðbrandur Benediktsson og Guðni Th. Jóhannesson. (Reykjavík: Skrudda, 2008), bls. 26-42.

Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur. Minni, minningar og saga*, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005).

Valgeir Sigurðsson, „Fangi hennar hátignar“, *Landhelgisgæsla Íslands 80 ára, Afmælisrit*, (Akureyri: Völuspá, 2007), bls. 56-68.

Valgeir Sigurðsson, „Nú, þetta eru þá endalokin“, *Landhelgisgæsla Íslands 80 ára, Afmælisrit*, (Akureyri: Völuspá, 2007), bls. 88-96.

„Varðskipsmenn hafa staðið sig afburðavel og þeir verða síðastir til þess að snúa við í baráttunni við Breta““ *Tíminn*, 19.03.1976, bls.1- 2 og 23.

Vísir (Reykjavík 1975 - 1977).

Yow , Valerie Raleigh, *Recording Oral History. Guide for the Humanities and Social Sciences*, Önnur útgáfa, (Walnut Creek: AltaMira Press, 2005).

„Þessi tvö skip koma til greina sem varðskip“, *Tíminn*, 30.03.1976, bls.1.

Þjóðviljinn (Reykjavík 1958, 1976)

Vefheimildir

Hvað er munnleg saga?, Miðstöð munnlegrar sögu,
<http://munnlegsaga.is/index.php?page=hvad-er-munnleg-saga>, (Sótt 13.04.2015).

Myndir úr Þorskastríðinu 1976, Landhelgisgæsla Íslands, 26. janúar 2014,
<http://www.lhg.is/frettirogutgafa/frettir/nr/2716>, (Sótt 27.05.2015).

Viðauki

Viðauki nr. 1 - Spurningalisti

Upplýsingar sem ég vil fá frá eiginkonum:

- Hvenær þær eru fæddar.
- Hvenær þær giftust eiginmönnum sínum.
- Fjölskyldumynstur þegar þorskastríðin voru í gangi.
- Hver var staða þeirra á vinnumarkaði á tilteknum tíma.
- Hver var staða makans hjá Landhelgisgæslunni og á hvaða skipi makinn / aðstandandinn var.
- Hversu lengi vann maki / aðstandandi hjá Landhelgisgæslunni.

Spurningar fyrir viðtöl:

- Hvernig myndir þú lýsa þínu daglega lífi á árunum á meðan maki / aðstandandi vann hjá Landhelgisgæslunni?
- Urðu breytingar á heimilislífinu á meðan þorskastríðin voru í gangi?
- Hvernig leið þér á meðan maki / aðstandandi var í vinnunni á þessum tiltekna tíma? Hvaða tilfinningar fannstu?
- Hverjar voru þínar helstu áhyggjur?
- Manstu hvort þú hafðir meiri áhyggjur á þessum tiltekna tíma en fyrir, eða eftir þorskastríð(in)?
- Var munur á heimilislífinu þegar eiginmaður / aðstandandi þinn var í landi? Hvaða breytingar?
- Tók hann vinnuna með sér heim þegar hann var í frí?
- Rædduð þið hjónin / aðstandandinn vinnuna hans, eða atburði tengda þorskastríðunum á meðan á þeim stóð, eða eftir að þeim var lokið?
- Sástu einhverjar breytingar á maka / aðstandanda þínum t.d. í hegðun eða framkomu?
- Fékkstu einhvern stuðning frá vinum og ættingjum? Hvernig þá?
- Fannstu einhvern stuðning frá almenningi?

- Það var ákveðinn hópur kvenna sem barðist fyrir auknum réttindum og bættri aðstöðu fyrir hönd eiginmanna / aðstandenda sinna. Tókst þú þátt í þeirri baráttu á einhvern hátt?
- Kannast þú við samtökin Ýr (samtök aðstandenda varðskipsmanna)?
- Er eitthvað frá þessum tíma sérstaklega minnisstætt?
- Þegar þú hugsar til baka, hvað fannst þér erfiðast?
- Hlaust þú eða þín fjölskylda einhvern skaða?

Viðauki nr. 2 - Upplýsingar um viðmælendur.

Almennar upplýsingar um konurnar og fjölskyldur þeirra sem fengust við gerð viðtalanna eða voru fengnar eftir viðtölin. Falast var eftir upplýsingum um störf eiginmanna eða sona sem unnu hjá Landhelgisgæslunni á einhverjum tímapunkti á meðan þorskastríðin voru í gangi.

Ásdís Guðbjörg Konráðsdóttir:

Ásdís er fædd árið 1936. Hún giftist Kristjáni Hansi Jónssyni (f. 1927 - d. 2007) árið 1955 og átti með honum sex börn. Fjórða barn þeirra, Kristján Rúnar Kristjánsson (f. 1958) hóf störf hjá Landhelgisgæslunni fyrir síðasta Þorskastríðið sem messagutti þegar hann var sextán ára gamall og vann hann þar þangað til að hann var um það bil 19-20 ára. Hann var við vinnu allt þriðja Þorskastríðið. Yngstu börn Ásdísar voru ennþá heima árin 1975-1976. Ásdís vann ekki veturnar á meðan börnin bjuggu heima en hún hóf síðan störf hjá Hafnarfjarðarbæ þegar þau fóru að heiman. Ásdís var í fyrstu stjórninni hjá Ýri og var þá eina konan í stjórninni sem var ekki gift varðskipsmanni.

Dóra Magnúsdóttir:

Dóra er fædd árið 1941 og maður hennar er Reynir Björnsson (f.1939). Þau giftust árið 1960 og áttu saman fjögur börn. Reynir hóf störf hjá Landhelgisgæslunni þann 1. janúar árið 1976 sem loftskeytamaður. Þau hjónin voru þá að flytja til höfuðborgarsvæðisins. Reynir flutti á undan fjölskyldu sinni til að hefja störf en Dóra kom með börnin í febrúarmánuði. Dóra var heimavinnandi með þrjú börn á skólaaldri

og yngsta barnið var heima. Reynir byrjaði á vitaskipinu Árvaki og var síðan á varðskipinu Baldri. Hann vann hjá Landhelgisgæslunni í um það bil fimm ár.

Edda Þorvarðardóttir:

Edda er fædd árið 1943 og maður hennar er Hálfván Henrysson (f. 1943). Þau giftust árið 1966 og áttu saman fjögur börn. Hálfván byrjaði að vinna hjá Landhelgisgæslunni árið 1960. Hálfván vann lengi hjá Landhelgisgæslunni en hann fór í land í árið 1984. Hann hóf ungar störf í sumarvinnu og vann sig upp innan Landhelgisgæslunnar. Hann var lengi vel fyrsti stýrimaður en í lokin var hann byrjaður að leysa af skipherranna. Hann starfaði einnig sem kafari. Edda var mestmegnis heimavinnandi með börnin og vann á tímabili hálfan vinnudag. Edda var í stjórn hjá aðstandendafélaginu Ýr.

Gyða Vigfúsdóttir:

Gyða er fædd árið 1950 og var gift Heiðari W. Jones (f. 1947 - d. 2014). Þau giftust árið 1968 og áttu saman tvö börn. Heiðar hóf störf hjá Landhelgisgæslunnar árið 1973 eða 1974 og starfaði sem loftskiptamaður. Hann var oftast á varðskipinu Þór, en skiptist á að vera í flugvél Landhelgisgæslunnar, í landi eða á varðskipunum. Gyða vann á leikskóla á meðan síðasta þorskastríðið var í gangi og hún var í stjórn hjá aðstandendafélaginu Ýr. Hún sagði sig úr félaginu árið 1979 þegar hún og Heiðar skyldu sama ár. Gyðu minnir að Heiðar hafi farið í land í kringum 1980 og haldið áfram störfum innan Landhelgisgæslunnar.

Hjördís Kröyer:

Hjördís er fædd árið 1936 og maður hennar er Benedikt Guðmundsson. Þau giftust árið 1957 og eiga saman þrjú syni. Benedikt á langan vinnuferill á baki hjá Landhelgisgæslunni eða 44-45 ár. Benedikt vann sem stýrimaður og fór nokkur skipti sem háseti og skipsherra. Hann vann einnig sem siglingafræðingur í flugvélunum. Hann fór síðan í land til að vinna við peninga- og launamál og varð síðar starfsmannastjóri. Hann tók því bara þátt í fyrsta Þorskastríðinu. Hjördís var á vinnumarkaði þangað til í byrjun ársins 1959 og var síðan heimavinnandi til ársins 1974.

Jenný Einarsdóttir:

Jenný er fædd árið 1953 og er gift Hjalta Sæmundssyni (f. 1947). Þau giftu sig árið 1975 eftir eins til tveggja ára tilhugalíf. Jenný átti tvö börn frá fyrra sambandi og þau hjónin eignuðust saman eitt barn í lok ársins 1975. Jenný var heimavinnandi húsmóðir á meðan baráttan um 200 mílunar var í gangi. Hún var útvinnandi þegar hún og Hjalti kynntust þar sem hún var einstæð móðir og þurfti að vinna. Hjalti starfaði sem loftskreytamaður hjá Landhelgisgæslunni og byrjaði í kringum 1972 en Jennýju minnir samt að hann hafi ekki tekið þátt í baráttunni um 50 sjómílunar. Hann var til skiptist á varðskipum, í flugi og landi. Hann var mest á varðskipunum Tý og Óðni og starfaði hjá Landhelgisgæslunni til ársins 2013. Jenný var í stjórn Ýrar.

Jóna Guðmunda Helgadóttir:

Jóna er fædd árið 1942 og er gift Pálma Hlöðverssyni (f. 1942). Þau giftust árið 1965 og eiga saman þrjú börn. Jóna var heimavinnandi húsmóðir á þessum tíma. Pálmi byrjaði 15-16 ára gamall hjá Landhelgisgæslunni sem messagutti. Hann fór síðan í nám hjá stýrimannaskólanum og hóft fljótlega aftur störf eftir námið. Hann gerðist síðan stýrimaður og fékk þjálfun sem sprengjusérfræðingur. Hann barðist bæði í stríðunum um 50 og 200 sjómílurnar. Pálmi var mest á varðskipinu Baldri. Pálmi varð síðar skipherra en lét af störfum hjá Landhelgisgæslunni árið 1980.

Maggý Björg Jónsdóttir:

Maggý Björg er fædd árið 1935 og maður hennar er Sigurjón Hannesson (f. 1935). Þau giftu sig árið 1957 og eiga saman tvo syni. Sigurjón byrjaði ungur að vinna á vitaskipinu Hermóði. Hann fór í nám hjá Varðskipsdeild Stýrimannaskólans. Sigurjón hóf störf hjá Landhelgisgæslunni árið 1954 og lauk störfum þar árið 1987. Hann var því við störf hjá Landhelgisgæslunni öll þorskastríðin en vegna þess hversu lengi hann vann hjá gæslunni var hann búinn að vera á öllum skipunum. Hann byrjaði sem stýrimaður en var lengst af skipherra á Óðni. Maggý Björg var heimavinnandi húsmóðir. Hún var heima með strákana þar til þeir komust á unglingsárin. Hún fór síðan í nám hjá Sjúkraliðaskólanum árið 1972. Eftir að hún kláraði námið vann hún sem sjúkraliði í hlutastarfi.